



„Ég þarf að fara á báti og vitja um netið fjórum sinnum á dag,“ segir Einar Haraldsson á Urriðafossi. Hann hefur lengi veitt í net í Þjórsá en nýlega var farið að veiða á stöng við Urriðafoss sem nú er aflamesta laxveiðistöð landsins. Magnús og Gunnar Gunnarssynir voru við veiðar þar í gær. Gabriel Róbertsson hélt á stönginni er lax beit á. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sala bankanna krefst skýrari sýnar

Framtíðarsýn stjórnvalda á umgjörð fjármálakerfisins skiptir meginmáli þegar kemur að sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum. Arðsemisgetan dregin niður af miklu regluverki og þungri skattbyrði sem hefur áhrif á söluverðið.

BANKAR Stjórnvöld þurfa að marka skýra stefnu til að bæta rekstrarumhverfi bankanna áður en ráðist verður í sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum. Þung skattbyrði og strangt regluverk koma niður á arðsemi bankanna en hún hefur mikið að segja um söluverðið sem ríkið getur búist við að fá.

„Ég er ekki viss um að bankarnir séu vænlegir til sölu ef við horfum á rekstrarumhverfið, hvernig þeir eru skattlagðir og hversu þröngar

skorður þeim eru settar um samstarf til að hagræða. Efnahagsreikningar eru traustir en geta þeirra til að skila mikilli arðsemi í framtíðinni er ekki sérstaklega góð,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, í samtali við Markaðinn.

Sveinn Þórarinnsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, tekur í sama streng.

„Það er ekkert launungarmál að skattlagning í bankakerfinu er

420

milljarðar króna er samantlagt eigið fé Landsbankans og Íslandsbanka.

hærri en annars staðar. Þetta rifur niður arðsemina og þar með verðið á bönkunum. Síðan er gríðarlega

mikið regluverk á fjármálamarkaði sem fjárfestar horfa til þegar þeir verðmeta banka. Það skiptir því miklu máli hvaða sýn stjórnvöld hafa á framtíð regluverksins og lagaumgjáðarinnar,“ segir Sveinn.

Á næstu vikum skilar Bankasýsla ríkissins ýtarlegri skýrslu um stöðu á bankamarkaði og tillögu um söluferli bankanna. Nýlega var haft eftir Lárusi L. Blöndal, stjórnarformanni Bankasýslunnar, að unnt væri að hefja söluferlið á næsta ári.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segist vona að söluferli geti hafist á næsta ári. Það geti þó tekið mörg ár.

„Það skiptir miklu máli að hefjist handa með skýra stefnu hvað varðar aðferðafræði og tímaramma. Erum við að tala um að losa að mestu eða öllu leyti um eignarhald ríkissins á fjármálafyrirtækjum á næstu 10 árum? Ég held að það sé skynsamlegt að setja slíkan tímaramma.“
– ttf / sjá Markaðinn

Sjö milljarðar fyrir hlutaféð

VIÐSKIPTI Malasíska fyrirtækjasamsteypan Berjaya Land Berhad, sem var stofnuð af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda Cardiff City, mun greiða 53,6 milljónir dala, jafnvirði um 6,7 milljarða króna, fyrir 75 prósent hlutafjár í Icelandair Hotels og þeim fasteignum sem tilheyra hótélrekstrinum.

Kaupin eru jafnframt háð því að skuldir hótélkeðjunnar verði endurfjármagnadar með nýjum lánum upp á 64 til 72 milljónir dala. Frá þessu er greint í tilkynningu sem Berjaya sendi malasísku kauphöllinni í fyrra kvöld. – kij / sjá Markaðinn




Ráðherra boðar breytt tollkerfi

TOLLAMÁL Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra boðar í Fréttablaðinu í dag breytingar á innflutningskerfi sem gilt hefur varðandi landbúnaðarvörur.

Í stað útboðs tollkvóta og úthlutunar til hæstbjóðenda vill landbúnaðarráðherrann að úthlutun tollkvóta styðjist við svokallað „hollenskt útboð“ sem þyki sanngjarnara. Í því felst að lægsta samþykkt tilboði útboðs ákvarði verð allra samþykkt tilboða í útboði. – ds / sjá síðu 10



Veður



Austan 3-10 m/s, rigning með köflum í dag, skúrir SV-til á landinu. Norðlægari á morgun og rigning austanlands. Skúrir í öðrum landshlutum. Hiti víða 12 til 18 stig austurströndina. **SJÁ SÍÐU 16**

Marsæfingar við Langjökul



Vísindamenn á vegum NASA eru nú við rannsóknarstörf við Langjökul. Verið er að reyna vél- og hugbúnað fyrir sérstakan jeppa sem nota á í leiðangri til Mars á næsta ári. Láta erlendu vísindamennirnir vel af starfi sínu hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir af Marsleiðangrinum eru á +Plúsiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Þátttakendur tilkynntir í dag

BANDARÍKIN Demókrataflokkurinn bandaríski greinir frá því í dag hvaða forsetaframbjóðendur uppfylltu skilyrði fyrir því að fá sæti, eða öllu heldur ræðupall, í næstu kappreiðum flokksins.

Purfa frambjóðendurnir annaðhvort að hafa mælst með eins prósentu stuðning í þremur þeirra kannana sem flokkurinn horfir til eða hafa fengið styrk frá 65.000 einstaklingum, þar af að minnsta kosti 200 í tuttugu mismunandi ríkjum.

Samkvæmt greiningu gagnafréttavefsins FiveThirtyEight hefur 21 frambjóðandi uppfyllt skilyrðin. Hins vegar er ekki pláss nema fyrir tuttugu og því mun Mike Gravel, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður, ekki fá pláss. – þea

Segir meðhöndlun ríkisjarða verri eftir flutning á milli ráðuneyta

LANDBÚNAÐUR Guðni Ágústsson segir meðhöndlun bújarða í eigu ríkisins verri eftir að þær voru færðar úr landbúnaðarráðuneyti yfir í fjármálaráðuneytið árið 2007.

„Það hefur tekið mörg ár að greina eignastefnu.“ segir Guðni. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær vita Ríkiseignir ekki enn hvers virði jarðirnar eru eða hversu margar hafa gengið kaupum og sölum undanfarin ár.

„Þetta var þannig að bóndi sagði upp leigu á jörð í eigu ríkisins um áramót og kom næsti leigjandi inn á vordögum. Þetta var skylda landbúnaðarráðuneytisins og gekk hratt fyrir sig.“ segir Guðni sem var landbúnaðarráðgjafi 1999 til 2007. „En þetta breyttist og hafa jarðir verið í eyði, að minnsta kosti um tíma.“

Ábúendur á ríkisjörðum, sem eru rúmlega 100, hafa rétt til að kaupa eftir sjö ára leigu. Auk þess á ríkið um 200 jarðir í nýttjum eða í eyði.



Guðni Ágústsson fv. landbúnaðarráðgjafi. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON.

„Ríkið þarf sumar jarðir að eiga af mörgum ástæðum, þær eru þess eðlis. En aðrar er sjálfsagður hlutur að selja.“ segir Guðni.

Að sögn Guðna þarf ríkið einnig að vera á varðbergi gagnvart ásælni fjársterkra útlendinga í jarðir. Hingað til hafi það ekki snúist um ríkisjarðir en gæti gert það í framtíðinni. – khg

Laxarnir streyma upp á stöng úr Urriðafossi

Urriðafoss í Þjórsá er aflamesti laxveiðistaður landsins það sem af er sumri. Þar höfðu veiðt 502 laxar á stöng um miðja síðustu viku. Fram til ársins 2016 var einungis veitt í net í ánni en síðastliðin sumur hefur veiðt þar vel á stöngina.

LAXVEIÐI „Það gerðist bara allt í einu fyrir fjórum árum að lax fór að veiðast á stöng hér í ánni.“ segir Einar Haraldsson á Urriðafossi.

„Enginn veit af hverju þetta breyttist allt í einu en ég hef þó kenningar um það.“ segir Einar við Fréttablaðið um stangaveiðiaævintrýrið í Þjórsá. Ástæðan sé þríþætt.

„Hlýnandi veðurfar alveg frá aldamótum þýðir að ísmyndun í ánni er minni og þar af leiðandi hafa afföllin af seidunum verið miklu minni. Í öðru lagi var opnaður fiskistigi árið 1995 og hefur ganga fisks verið að aukast og þannig framleiðsla árinna á seidum og í þriðja lagi eru sennilega hagstæð skilyrði í sjónum.“

Einar hefur lengi veitt lax í net í Þjórsá og segir að veiði í net sé mikil vinna.

„Ég þarf að fara á báti og vitja um netið fjórum sinnum á dag, svo þarf ég að bera allan fisk sem ég veiði í poka upp skriðu frá ánni. Síðan daginn eftir þarf ég að koma honum á markað til Reykjavíkur. Ég sel hann í Melabúðina.“

Eftir að laxinn fór að veiðast á stöng við Urriðafoss hefur Einar leigt út hluta hennar og eru þar seld veiðileyfi fyrir fjórar stangir á dag.

„Það er uppselt alveg fram í ágúst og á meðan þetta gengur svona vel þá höldum við þessu hiklaust áfram.“ segir Einar.

„Ég hélt eftir einu neti sem er um það bil kílómetra fyrir neðan þetta svæði. Þar eru minni líkur á að hægt sé að veiða á stöng en ef það breytist er ég alveg opin fyrir því að taka upp netið.“ segir Einar sem hefur gaman af þeim breytingum sem hafa átt sér stað í ánni.



Magnús og Gunnar Gunnarssynir voru við veiðar í Urriðafossi, Gabriel Róbertsson hélt á stönginni þegar laxinn tók agnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég þarf að fara á báti og vitja um netið fjórum sinnum á dag svo þarf ég að bera allan fisk sem ég veiði í poka upp skriðu frá ánni.

Einar Haraldsson á Urriðafossi



Mikill fiskur er í Þjórsá og er hún í augnablikinu aflamesta laxveiðia landsins samkvæmt Landsambandi veiðifélaga. Nýjustu tölur á vef sambandsins frá því á fimmtudag í síðustu viku sýndu að veiðt höfðu 502 laxar á stöng í Urriðafossi í sumar. Næst á listanum var Eystri-Rangá þar sem veiðt hafa 405 laxar á þrefalt fleiri stangir.

„Það er gríðarlega mikill fiskur í ánni, en svo er það líka þannig að það gengur illa í mörgum öðrum ám. Vatnsmagnið í Þjórsá er alltaf mikið en flestar laxveiðiar eru svo vatnsskiptar að fiskurinn á erfitt með að ganga í þær. Það er bara þannig eftir þurrka í allt sumar.“ segir Einar Haraldsson. birnadrofn@frettabladid.is

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is


+PLÚS



Marsjeppi prófaður á Íslandi fyrir ferð til plánetunnar

Þessar vikurnar standa yfir í nágrenni Langjökuls prófanir í tengslum við svonefnt SAND-E verkefni sem kostað er af NASA. Tilgangurinn er að prófa farartæki sem á að nota í leiðangri til plánetunnar Mars á næsta ári, í aðstæðum sem líkjast umhverfinu á reikistjörnunni rauðu.

Hópur nemenda í HR hefur verið bandaríska teyminu innan handar.



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Línan hefur verið dregin.

NÝR TUCSON N-LINE.



Kynntu þér TUCSON í N-LINE sérútgáfu.

Nú fæst TUCSON í spennandi N-LINE sérútgáfu: Svartar 19" álfelgur, kröftugir litir og LED skreytingar á aðalljósum. Í N-LINE útgáfunni er áherslan lögð á sportlegt og einkennandi útlit. Innréttingin hefur einnig fengið upplýtingu með sportlegri sætum, álpedölum og N-LINE merkingum. Kynntu þér TUCSON í N-LINE sérútgáfu!

TUCSON 4WD SJSK: Verð frá 5.090.000 kr.

TUCSON N-LINE: Verð 6.190.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



STILLANLEGIR DAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STILLANLEGUM RÚMUM
GEL HEILSUKODDAR FYLGJA ÖLLUM STILLANLEGUM RÚMUM



Ergomotion

STILLANLEG VERÐ FRÁ
HJÓNARÚM **216.000** KR.

STILLTU ÞIG INN
Á HÁMARKS HVÍLD
GOTT GEGN HROTUM
MINKAR BAKFLÆÐI
EINSTÖK SLÖKUM
FRÁBÆR AÐLÖGUN

20%
AFSLÁTTUR

FORTE ÚTSÖLUVERÐ
ÞRIGGJA SÆTA RAFSTILLANLEGUR SÓFI **151.920** KR.
FULLT VERÐ 189.900 KR.



20%
AFSLÁTTUR



20%
AFSLÁTTUR

COMO ÚTSÖLUVERÐ
STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL **34.800** KR.
FULLT VERÐ 43.500 KR.

rekkjan
HEILSURÚM

Nýtt!

Fleiri Myllu smáar-kökur
í boði fyrir útileguna
mmm þú bara verður ...



Fjórar saman
í pakka

„Vinnum að“ - að gera enn betur

**Smakkaðu nýju silkimjúku
karamellu-lakkrís kökuna strax í dag
Þær eru fjórar saman í pakka**

> Loksins, loksins er Myllu smáar-kökur komnar með karamellu og lakkrís. Núna er tilefni til að gera sér ferð út í búð og grípa með sér nýju karamellu og lakkrís kökurnar strax í dag.



> Fjórar saman í pakka. Nýju karamellu og lakkrís kökurnar í viðbót við möndlu-, súkkulaði- og karamellukökurnar. Bragðaðu þær strax í dag.



Myllan hefur bakað fyrir Íslendinga í 60 ár.

> myllan.is

veldu
ÍSLÉNSKT



Mitt Romney þingmaður.
NORDICPHOTOS/AFP

Standa vörð um Huawei-bann

BANDARÍKIN Öldungadeildarþingmenn úr flokkum bæði Demókrata og Repúblikana í Bandaríkjunum lögðu í gær fram frumvarp sem myndi meina ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta að heimila viðskipti við kínverska tæknirísann Huawei án samþykkis þings.

Þá myndi frumvarpið einnig koma í veg fyrir að viðskiptamálaráðuneytið fjarlægði Huawei af svokölluðum svörtum lista en bannað er að stunda viðskipti með bandaríska tækni, vörur eða þjónustu við fyrirtæki á listanum.

Trump setti bannið á fyrr á árinu eftir langa umræðu og fjölda ásakana bandarískra þjóðaröryggisstofnana um að Huawei stundaði njósnir fyrir kínversk stjórnvöld. Því hefur fyrirtækið alla tíð neitað.

Undanfarnar vikur hefur Trump ýjað að því að banninu yrði hugsanlega aflétt ef Kína og Bandaríkin samþykkja nýjan viðskiptasamning.

„Við þurfum að standa saman gegn þeirri ógn sem stöðjar að bandarísku þjóðaröryggi, hugverkum og tækni vegna Kína. Frumvarpið okkar mun meina bandarískum fyrirtækjum að stunda viðskipti við Huawei svo lengi sem fyrirtækið telst ógn við þjóðaröryggi,“ sagði Repúblikaninn og fyrrverandi forsetaframbjóðandinn Mitt Romney.

Tim Cotton, samflokksmaður Romneys, sagði Huawei síður en svo hefðbundinn viðskiptafélagi. „Það er leppur fyrir kínverska Kommúnistaflokkinn. Frumvarpið okkar styður við ákvörðun forsetans um að setja Huawei á svarta listann. Bandarísk fyrirtæki ættu ekki að selja óvinum okkar verkfæri til þess að njósna um bandarískan almenn-ing.“ – þea

Ætla ekki að láta undan

ÍRAN Stjórnvöld í Íran munu halda áfram að draga úr fylgni sinni við JCPOA-kjarnorkusamninginn og hyggjast hefna sín eftir að Bretar kyrrsettu íranskt olíuflutningaskip við Gibraltar fyrr í mánuðinum. Þetta sagði Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans, í gær.

Íranar hafa verið í þröngri stöðu og togstreitan hefur aukist allt frá því að Donald Trump Bandaríkjaforseti rifti samningnum af hálfu Bandaríkjanna og innleiddi nýjar þvinganir sem hamla meðal annars olíusölu Írana.

Hversu ósvífið! Þið gerðust sjálf brotleg.

Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans

Þeir samningsaðilar sem eftir standa, Kína, Rússland og einkum Bretland, Frakkland, Þýskaland og ESB, hafa að undanfögnu reynt að koma í veg fyrir að samningnum verði alfarið rift.

Khamenei sagði Breta, Frakka og Þjóðverja ekkert hafa gert til þess að koma íranska hagkerfinu aftur í samband við umheiminn.

„Nú þegar við drögum úr fylgni við samninginn lýsir Evrópa sig andvíga. Hversu ósvífið! Þið gerðust sjálf brotleg,“ sagði Khamenei. – þea

Sigri fagnað



Þessi tyrkneski karlmaður veifaði flennistórum tyrkneskum fána á Atatürk-alþjóðaflugvælinum í stórborginni Istanbul í gær. Tilefnið var að þrjú ár voru liðin frá því að valdaránstílaun var gerð í Tyrklandi. Ríkisstjórn Erdogans forseta hefur kennt fylgismönnum útlæga klerksins Fethullah Gulen um valdaránstílaunina og ráðist í miklar hreinsanir í embættismannakerfinu á þessum þremur árum. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðverji fyrsti kvenforseti framkvæmdastjórnarinnar

Hin þýska Ursula von der Leyen er nýr forseti framkvæmdastjórnar ESB. Lítil meirihluti studdi tilnefninguna. Oddvitakerfið brást að þessu sinni. Ætlar að beita sér gegn loftslagsbreytingum af hörku og vill gott samband við Breta. Var einnig fyrsta konan til að gegna embætti varnarmálaráðherra Þýskalands.

EVROPA Meirihluti Evrópuþingsins greiddi í gær atkvæði með tilnefningu Ursulu von der Leyen, þýska varnarmálaráðherrans, í embætti forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Von der Leyen tekur því við af Jean-Claude Juncker og verður fyrsta konan til þess að gegna embættinu.

„Það er mikill heiður og ég er upp með mér. Ég þakka ykkur kærlega fyrir það traust sem mér er sýnt. Þetta traust er það sama og þið berið til Evrópu. Traust ykkar á Evrópu sem er tilbúin að berjast fyrir framtíðinni fremur en takast á innbyrðis,“ sagði Von der Leyen og bætti við:

„Skilaboð mín til ykkar allra eru þau að við ættum að vinna saman á uppbyggilegan hátt. Markmiðið er sameinuð og sterk Evrópa.“

Alls greiddu 383 þingmenn atkvæði með því að skipa Von der Leyen. 327 greiddu atkvæði gegn, 22 sátu hjá og eitt atkvæði var autt eða ógilt.

Fáir hefðu búist við því í aðdraganda Evrópuþingskosninganna að Von der Leyen tæki við embættinu. Hún var ekki oddviti (þ. Spitzenkandidat) nokkurs framboðs. Fyrirkomulagið um að oddviti fylkingar tæki við forsetaembættinu gekk ekki upp að þessu sinni. Kerfinu var komið á fyrir kosningarnar 2014 og átti hver flokkur að útnefna oddvita. Leiðtogafrá ESB myndi síðan tilnefna oddvita þeirrar fylkingar sem fékk flest atkvæði og þingið væntanlega samþykkja.

Von der Leyen var eins og áður segir ekki oddviti sinnar fylkingar, það er mið-hægri fylkingarinnar EPP. Sá heitir Manfred Weber og er



Ursula von der Leyen lofaði hördum aðgerðum í loftslagsmálum á Evrópuþinginu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

einnig Þjóðverji. Weber naut ekki stuðnings annarra fylkinga og eftir maraþonfundu leiðtogafráðsins var brugðið á það ráð að tilnefna von der Leyen.

Hinn nýi framkvæmdastjórnarforseti hét því í ræðu sinni í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar að stuðla að eflingu átaki gegn loftslagsbreytingum. Hún myndi leggja til stofnun banka um sjálfbærar fjárfestingar, einkum í grænni orku, og reyna að gera Evrópusambandið hlutlaust í útblæstri gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2050.

Þá sagði hún mikilvægt að Bretar yrðu áfram bandamenn og vinir Evrópusambandsríkja eftir útgöngu. Hún kom samningi ESB við breska forsætisráðherra til varnar og sagði að honum yrði ekki breytt. Þá sagðist hún enn fremur opin fyrir því að útgöngu yrði frestað enn á ný. thorgnyr@frettabladid.is

Hver er Ursula von der Leyen?

Ursula von der Leyen fæddist þýskum foreldrum í belgísku höfuðborginni Brussel árið 1958. Faðir hennar var Ernst Albrecht, einn af fyrstu embættismönnum Evrópusambandsins, og má því segja að von der Leyen sé með Evrópusamstarf í blóðinu.

Hún er kvensjúkdómalæknir að mennt, talar frönsku og þýsku og á sjö börn. Von der Leyen kom seint inn í heim stjórnmála og var 43 ára gömul þegar hún gekk til liðs við flokk sinn, Kristilega demókrata. Fyrst um sinn gegndi hún ýmsum stöðum í Hanover. Var svo kjörin á þing Neðra-Saxlands árið 2003 áður en Angela Merkel kanslari gerði hana að ráðherra fjölskyldumála, kvenna, aldraðra og ungmenna.

Auk þess að vera nú fyrsti kvenkyns forseti framkvæmdastjórnar ESB var von der Leyen fyrsta konan til að gegna embætti þýskis varnarmálaráðherra. Tók við því embætti árið 2013.

Hún hefur sætt harðri gagnrýni heima fyrir vegna meints misbrests í ráðningum á ráðgjöfum í varnarmálaráðuneytinu. Hefur verið sökuð um að gefa ráðgjöfum dýra samninga án nægjanlegs eftirlits og jafnvel um að ráða fólk vegna óformlegra persónulegra tengsla.

Von der Leyen hefur vísað þessum ásökunum á bugog sagt misbrestina, samkvæmt Politico, til komna vegna niðurskurðar og vanrækslu og mistaka útkeyrðra starfsmanna.

Allt fyrir gönguferðina



Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 32.995,-



Hilleberg Nallo 2GT
5000mm vatnsheldni
Verð 147.995,-



Vango Scafell 200+
5000mm vatnsheldni
Verð 36.995,-



Vango Tempest Pro 300
5000mm vatnsheldni
Verð 45.995,-



Gregory Amber 34L
Verð 22.995,-



Mammut Kompakt MTI
3-season
Verð 29.995,-



Klymit Insulated
Static V Lite
6.4cm
Verð 18.995,-



Húfur og vettlingar
í miklu úrvali

Mammut Nair Hooded Jacket
Women
Verð 17.595,-



Princeton Tec Axis
Verð 7.595,-



Vango Pottasett 1 manns
Verð 4.995,-



Mammut Hiking Pants
Verð 12.995,-



Real Turmat
yfir 15 tegundir
Verð frá 2.095,-



Mammut Kento High GTX
Verð 32.995,-



Rudy Project Stratofly
Verð 13.995,-



Vango Pico
göngustafir
Verð 7.995,-



Primus Lite
Verð 22.995,-



MAMMUT
SWISS 1862

KLYMIT



PRIMUS

Vango

Princeton Tec

HILLEBERG
THE TENTMAKER

RUDY PROJECT

GREGORY

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

Úti að aka



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Leigubílamarkaður á Íslandi er einokunarbransi. Forsenda þess að fá að keyra leigubíl er að hafa útgengið leyfi frá Samgöngustofu og vera tengdur leigubílastöð sem má aka leigubíl.

Gjaldskrár eru samræmdar og ákveðnar af nefnd, gjaldmælar þurfa að vera löggiltir og bílstjórar þurfa að uppfylla ýmis skilyrði, eins og að vera eigendur eða fyrstu umráðamenn bílsins sem er ekið. Þeir mega ekki hafa verið dæmdir í fangelsi.

Þá er að finna í íslenskum lögum hámarksfjölda útgefinna leyfa til aksturs leigubíla. Fyrir tilstilli EES-samningsins stendur til að breyta þessu í átt til frelsis og afnema fjöldatakmörkanir á slíkum leyfum, sem er ein forsenda þess að farveitur sem við þekkjum úr erlendum borgum á borð við Uber og Lyft geti hafið hér starfsemi. En það þarf meira til.

Þeir sem ferðast hafa með farveitunum þekkjá að verðið sem gefið er upp í snjallsímaforritinu er áætlað verð, sem getur tekið smávægilegum breytingum eftir stöðu framboðs og eftirspurnar, vegalengd, tíma og umferð á götum. Þetta er allt mælt með staðsetningarbúnaði forritsins og fellur þar af leiðandi ekki undir þrönga, íslenska skilgreiningu löggilts gjaldmælis né undanþágu ef samið er um fyrir fram ákveðið heildarverð.

Með öðrum orðum nota farveiturnar nútímatækni til að ákvarða verð, neytendum og bílstjórum til hæðarauka. Af óskiljanlegum ástæðum er slíkt bannað á Íslandi og ekki að sjá á nýju frumvarpi samgönguráðherra að standi til að gera breytingu á.

Önnur skilyrði sem atvinnubílstjórum eru sett eru undarleg. Af hverju má maður sem hefur á lífsleiðinni farið út af sporinu og tekið út sína refsingu ekki starfa sem leigubílstjóri? Af hverju þarf bílstjóri að eiga bifreið sína ef hann vill bara keyra á mánuðögum? Af hverju má eingöngu nota leigubifreið til leigubílaaksturs?

Að minnsta kosti er ekki verið að hugsa um neytandann. Með farveitum má velja sér fararskjóta; rafmagnsbíl eða -hjól, stærri bíl fyrir farangur eða glæsibifreið ef á að gera sér dagamun. Kostnaður er nokkurn veginn ljós fyrir fram og greiðsla innheimt í samræmi við gæði bíls, lengd ferðar og tíma dags. Ókunnugir geta deilt leigubíl kjósi þeir svo og skipt kostnaði í gegnum símann. Farþegar og bílstjórar gefa svo hvrr öðrum einkunn, svo samskipti bílstjórans og kunnans eru í flestum tilfellum til fyrirmyndar.

Í borg eins og Reykjavík er kominn tími á frjálsa leigubíla. Fjölbreyttari samgöngur hljóta að vera takmarkið í borg þar sem samgönguvandinn er öllum ljós. Meira að segja væri hægt að innleiða græna hvata í starfseminu; rafmagnsvæða leigubílaflotann.

Hvað sem öllum bollaleggingum líður hljóta allir að sjá að leigubílaþjónusta verður að endingu frjáls á Íslandi. Þetta er ekki spurning um hvort heldur hvenær menn sjá ljósið.



Hvað sem öllum bollaleggingum líður hljóta allir að sjá að leigubílaþjónusta verður að endingu frjáls á Íslandi.

Halldór



Frá degi til dags

VIP-eftirlit á Solstice

Það skapaðist mikið drama í kringum frétt Hringbrautar af boðsmiðum borgarfulltrúa á Secret Solstice tónlistarhátíðina. Mun Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hafa fengið þrjá VIP-miða á hátíðina, var tilgangurinn að vera með eftirlit. Í fréttinni er sagt að verðmæti miðanna sé 450 þúsund krónur og bent á að borgarstjóri hefur ekki skráð þá sem gjöf. Verðmæti miðanna er þó nokkuð á reiki. Það hefði vissulega kostað almennan borgara 450 þúsund kall að fá VIP-miða á Secret Solstice, en inn í því er fallinn matur og drykkur, sem borgarstjóri mun ekki hafa fengið sér á hátíðinni.

„Fréttaflutningur“ fyrir síðanefnd

Ekki eru allir þar sáttir við reiknikunstir Hringbrautar. Í tilkynningu frá Secret Solstice segir að borgarstjóri hafi verið með sérstakan VIP-miða sem væri ekki til almennrar sölu. Því væri fjarstædukennt að segja að hann hafi fengið gjöf upp á 450 þúsund krónur. Rannveig Ernudóttir varaborgarfulltrúi sem sagði sig úr Pírötum vegna innanflokksdrama, gekk skrefinu lengra í málsvörn fyrir borgarstjóra og segir á Fésbók að réttast væri að taka „fréttaflutninginn“ fyrir af síðanefnd blaðamanna. Vildi hún þó ekki benda á neinar sérstakar staðreyndavillur í fréttinni. arib@frettabladid.is

Til hagsbóta fyrir neytendur



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Í kjölfar undirritunar nýs tollasamnings milli Íslands og Evrópusambandsins árið 2015 var fyrirséð að svokallaðir tollkvótar myndu stækka umtalsvert. Með því var stigið skref í að auka tollfrjálsan innflutning á tilteknum landbúnaðarvörum.

Tollkvótar eru í eðli sínu ávisun á takmörkuð verðmæti og hefur eftirspurn eftir þeim aukist á síðastliðnum árum. Gildandi regluverk við þá úthlutun er með þeim hætti að tollkvótarnir eru boðnir út og þeim úthlutað til hæstþjóðenda. Þessi gjaldtaka hefur skapað ríkinu nokkrar tekjur en á sama tíma hefur fyrirkomulagið leitt til herra vöruverðs fyrir neytendur, þvert á tilgang þess sem að baki samningsins liggur.

Ég tel þetta fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta óeðlilegt og ósanngjarn. Því skipaði ég í júní í fyrra starfshóp sem hafði það hlutverk að endurskoða þetta fyrirkomulag og finna leiðir til þess að koma ávinningnum sem skapast með þessum takmörkuðu gæðum í meiri mæli til neytenda í formi lægra vöruverðs. Hópurinn skilaði skýrslu í upphafi þessa árs en í honum áttu sæti fulltrúar neytenda, bænda, verslunar og stjórnvalda.

Nú hefur frumvarp verið birt á samráðsgátt stjórnvalda sem byggir á tillögum hópsins. Þar er lagt til að tollkvótum verði úthlutað með því að styðjast við svokallað hollenskt útboð (e. Dutch auction). Í því felst að lægsta samþykktu tilboði útboðs ákvarði verð allra samþykktu tilboða. Jafnframt er lagt til að umsýsla og úthlutun tollkvóta verði nútímavædd og fari fram á rafrænu vefsvæði og að allir tollkvótar verði boðnir út á sama tíma. Einnig má nefna þá breytingu að heimildir fyrir innflutning á svokölluðum opnum tollkvótum verði afnumdar í núverandi mynd og þar með verði ráðgjafarnefnd um inn- og útflytning landbúnaðarvara lögð niður.

Ég bind vonir við að framangreindar breytingar leiði til þess að kostnaður vegna útboða tollkvóta lækki talsvert. En einnig, og það skiptir mestu: Að neytendur njóti aukinnar samkeppni í formi vöruúrvals og lægra vöruverðs. Þá verði allt regluverk um úthlutun tollkvóta sanngjarnara og einfaldara til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi.



En einnig, og það skiptir mestu: Að neytendur njóti aukinnar samkeppni í formi vöruúrvals og lægra vöruverðs.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts

- ↪ Litil orka
- ↪ Þröttleysi
- ↪ Veik bein
- ↪ Hormóna ójafnvægi
- ↪ Svefntruflanir
- ↪ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↪ Kölkun líffæra
- ↪ Óreglulegur hjartsláttur
- ↪ Kviði
- ↪ Streita
- ↪ Þirringur

www.mammaveitbest.is



Guðrún Brá Björgvinsdóttir sem leikur sem atvinnukylfingur fyrir Golfklúbbinn Keili á möguleika á að leika á opna breska meistaramótið í golfi kvenna í fyrsta skipti. MYND/DAVID POWELL

Vonandi næ ég að upplifa drauminn

Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Keili, tók þátt í forkeppni fyrir opna breska meistaramótið í golfi kvenna í vikunni. Þar dugði skor hennar til þess að komast áfram á lokaúrtökumótið fyrir mótið sem haldið verður fyrstu helgina í ágúst.

GOLF Lokaúrtökumótið fyrir opna breska meistaramótið í golfi kvenna verður haldið í Ashridge 29. júlí og opna breska fer svo fram helgina 1.-4. ágúst. Guðrún Brá Björgvinsdóttir hefur tryggt sér farseðil á úrtökumótið. Guðrún Brá hefur ekki áður komist svona langt í ferlinu en hún spilaði á opna breska í flokki áhugamanna fyrir nokkrum árum.

Hún er mjög ánægð með að vera komin á þann stað að opna breska meistaramótið sé raunhæfur möguleiki og hlakkar mikið til verkefna komandi vikna. Fyrst ætlar hún hins vegar að hvíla lúin bein hér heima, ferðast um landið sitt og leika svo á móti á heimavelli sínum.

Stutt stopp hér heima fyrir átökin

„Það er mjög góð tilfinning að vera komin einu skrefi nær því að komast á opna breska meistaramótið sem er mót sem alla kylfinga langar að prófa einhvern tímann á ferlinum,“ segir Guðrún Brá í samtali við Fréttablaðið um þennan áfanga í átt að markmiði sínu.

„Ég hafði aldrei spilað Sandy Lodge-völlinn áður og þeir kylfingar sem ég ræddi við könnuðust ekki við þennan völl. Ég renndi því alveg blint í sjóinn en náði góðum hringjum sem skiluðu mér áfram sem er frábært,“ segir hún enn fremur.

„Lokaúrtökumótið er svo spilað þannig að það spila rúmlega 100



Opna breska meistaramótið er mót sem alla kylfinga langar að prófa einhvern tímann á ferlinum. Ég hef fulla trú á að mér takist að láta draum minn rætast.

sterkir kylfingar einn 18 holu hring og ég held að það séu fjögur til fimm sæti á lokamótið í boði. Ég hef ekki áður spilað í svona fyrirkomulagi svo ég muni en það verður bara gaman og spennandi.

„Það er líka mjög skemmtilegt að kljást við aðra kylfinga eftir að spila við nánast sömu andstæðinga viku eftir viku í LET-Access-mótardönni. Þetta er fjölbreyttur hópur af kylfingum sem koma úr ýmsum áttum og það verður spennandi áskorun að freista þess að lenda nógu ofarlega til þess að komast alla leið.“

Mun ráðast á dagsforminu

„Þetta verður því vissulega erfitt og krefjandi verkefni en ég hef fulla trú á að mér takist að láta drauminn verða að veruleika. Klisjan um dagsform á líklega aldrei betur við en í þessu tilfelli og vonandi bara tekst mér að hitta á góðan hring,“ segir Guðrún full sjálfstrausts.

„Núna er ég stódd hér heima í ferð með bandarískri vinkonu minni sem er einnig kylfingur og var með mér í háskólanum úti. Þessi vika fer bæði í slökun, að túristast aðeins og svo ætla ég taka þátt í KPMG-bikarnum um næstu helgi,“ segir hún um framhaldið.

„Það er alveg nauðsynlegt að koma aðeins heim eftir keyrslu síðustu vikna, sofa aðeins í rúminu heima og sýna vinkonu minni landið.“

Svo skemmir það alls ekki að KPMG-bikarinn verður spilaður á Keili sem er minn heimavöllur. Þetta gæti eiginlega ekki verið betra,“ segir hún enn fremur um næstu daga og vikur.

hjorvaro@frettabladid.is

Valsmenn eiga erfitt verkefni fyrir höndum í kvöld

FÓTBOLTI Valur freistar þess í dag að snúa við taflinu í viðureign sinni við slóvenska liðið Maribor í seinni leik liðanna í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspynu karla sem fram fer ytra klukkan 18.15 að íslenskum tíma í dag.

Valsmenn lutu í lægra haldi 3-0 í fyrri leik liðanna og því er ljóst að verkefnið verður ærið hjá Hliðarendaliðinu á móti sterku slóvensku liði.

Fari svo að Valur falli úr leik í kvöld fer liðið í aðra umferð í forkeppni Evrópudeildarinnar þar sem andstæðingurinn verður annað hvort búlgarska liðið Ludogorets eða ungverska liðið Ferencvaros.

» Valur þarf að vinna upp þriggja marka forskot þegar liðið sækir Maribor heim til Slóveníu í kvöld.

Þrjú önnur Íslendingalið verða í eldlínunni í kvöld en staða þeirra liða er misjöfn fyrir leiki kvöldsins.

Rúnar Már Sigurjónsson og samherjar hans hjá kasakska liðinu Astana eru 1-0 yfir í einvígi sínu við Dan Petrescu og lærisveina hans hjá rúmenska liðinu Cluj.

Rúnar Már gekk nýlega til liðs við Astana og vonast til þess að taka þátt í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í fyrsta skipti á ferlinum.

Kolbeinn Sigbórsson, sem opnaði markareikning sinn fyrir sænska liðið AIK um síðustu helgi eftir um það bil þriggja ára markabúrrð með félagsliðum sínum, fær armenska liðið Ararat-Armenia í heimsókn. Armenarnir fóru með 2-1 sigur af hólmi í fyrri leiknum.

Þá leika Willum Þór Willumsson og liðsfélagar hans hjá hvít-rússneska liðinu BATE-Borisov við pólska liðið Piast Gliwice í Póllandi en fyrri leik liðanna lyktaði með 1-1 jafntefli. – hó



Patrick Pedersen tók vonandi markaskóna með. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. júlí 2019

28. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41





MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Vænlegir til sölu?

Rekstrarumhverfi íslensku bankanna kemur niður á arðsemisgetu þeirra og þar af leiðandi söluverðinu sem ríkissjóður getur búist við að fá fyrir Landsbankann og Íslandsbanka. Framtíðarsýn stjórnvalda skiptir lykilmáli fyrir söluna. » 4



Efnahagsreikningar eru traustir en geta þeirra til að skila mikilli arðsemi í framtíðinni er ekki sérstaklega góð.

Íslandsbanki



Eigið fé

174

milljarðar króna

Landsbankinn



Eigið fé

246

milljarðar króna



»2

Berjaya greiðir um sjö milljarða fyrir hlutinn

Kaupverð á 75 prósentum hlutfjár í Icelandair Hotels og tengdum fasteignum nam tæpum sjö milljörðum. Endurfjármagnar skuldir keðjunnar með allt að níu milljarða láni.

»4

Væri þriðjungur af eiginfjárlutfalli Arion

Eiginfjárlutfall norræna banka væri aðeins um þriðjungur af eiginfjárlutfalli Arion banka ef erlendu bankarnir notuðust við sömu aðferð og íslenski bankinn til þess að reikna hlutfallið út.

»10

Styttum leiðina að efnahagsbatanum

„Það væri taktískt hjá nýjum seðlabankastjóra að lækka vexti um 0,5 prósentur á sínum fyrsta fundi í ágúst til að gefa skýr skilaboð um að efnahagslegri óvissu skuli eytt sem allra fyrst,“ segir Birgir Haraldsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, í aðsendri grein.

Ray-Ban®

ray-ban.is

Módel: Kolfína Nikulásdóttir

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Nýir eigendur að Opnum kerfum

Sjóðurinn MF1, sem er í eigu lifeyrissjóða og annarra fjárfesta, hefur eignast riflega 77 prósentu hlut í Opnum kerfum í kjölfar 430 milljóna króna hlutafjárukaupna upplýsingatæknifyrirtækisins.


Samhlíða hefur eignarhlutur Frosta Bergssonar, sem var einn af stofnendum Opinna kerfa árið 1984, farið úr 76 prósentum í 17 prósent. Frosti hefur látið af stjórnarformennsku í félaginu en hann mun áfram sitja í stjórn ásamt þeim Gísla Val Guðjónssyni, framkvæmdastjóra MF1 og nýjum stjórnarformanni Opinna kerfa, og Sigríði Olgeirsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka.

Starfsfólk Opinna kerfa mun jafnframt fara með samanlagt tæplega sex prósentu hlut í upplýsingatæknifyrirtækinu.

Frosti segir ánægjulegt fyrir félagið að fá inn nýja og öflugna fjárfesta með mikla reynslu úr atvinnulífinu. Í því felist ákveðin viðurkenning á góðri starfsemi Opinna kerfa og framtíðarmöguleikum þess.

„Það hefur verið ánægjulegt og gefandi að koma að uppbyggingu félagsins sem hefur ávallt spilað stórt hlutverk á íslenskum upplýsingatæknimarkaði, markaði sem er sífellt að þróast og breytast. Undanfarin ár hefur verið fjárfest í nýjum sóknartækifærum og ég er bjartsýnn á að þær fjárfestingar muni skila sér á næstu árum,“ segir Frosti.

Gísli Valur nefnir að nýir hluthafar hafi mikla trú á vaxtarmöguleikum fyrirtækisins. Upplýsingatækni hafi aldrei verið jafn mikilvæg fyrirtækjum á samkeppnis-markaði og nú. „Fyrirhugað er að byggja



Gísli Valur Guðjónsson, nýr stjórnarformaður Opinna kerfa.

430

milljónir króna er andvirði nýlegrar hlutafjárukaupna Opinna kerfa.

félagið markvisst upp og efla samkeppnishæfni þess með aukinni áherslu á ráðgjöf og sérsniðnar upplýsingatæknilausnir.

Enn fremur liggja mikil sóknartækifæri í uppbyggingu hátæknigagnavers sem verður tekið í notkun síðar á þessu ári. Gagnaverið mun fylgja Tier III öryggisstaðli sem tryggir 100 prósent þjónustuöryggi og verður eitt öruggasta og tæknilegasta gagnaver landsins,“ segir Gísli Valur.

Ragnheiður Harðar Harðardóttir, sem tók við sem forstjóri Opinna kerfa í mars síðastliðnum, sagðist í viðtali í Markaðinum í liðnum mánuði sjá mikinn viðsnúning á rekstri félagsins eftir umbreytingarstarf og hagræðingaraðgerðir á síðustu árum.

Félagið tapaði 73 milljónum króna árið 2017 og velti sama ár um fjórum milljörðum króna en veltan dróst saman um einn milljarð frá fyrra ári. Ragnheiður sagði afkomuna á síðasta ári einnig hafa verið undir væntingum.

„Það að ráðast í umbreytingu á rekstri fyrirtækja er krefjandi og síðustu tvö ár bera þess merki. Sú vinna gengur vel og við sjáum nú mikinn viðsnúning á rekstrinum,“ nefndi hún. –kij



Icelandair Hotels rekur meðal annars hótelíð Reykjavík Natura við Nauthólsveg. Tekjur hótelkeðjunnar námu 97 milljónum dala í fyrra og þá var samanlögð EBITDA félagsins um tólf milljónir dala. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Berjaya greiðir um sjö milljarða fyrir hlutinn

Kaupverð Berjaya á 75 prósentum hlutafjár í Icelandair Hotels og tengdum fasteignum nam tæpum sjö milljörðum. Endurfjármagnar skuldir keðjunnar með allt að níu milljarða láni. Telur að markaður fyrir lúxushótel muni stækka.

Malasíska fyrirtækjamestypan Berjaya Land Berhad, sem var stofnuð af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda breska knattspyrnufélagsins Cardiff City, mun greiða 53,6 milljónir dala, jafnvirði um 6,7 milljarða króna, fyrir 75 prósent hlutafjár í Icelandair Hotels og þeim fasteignum sem tilheyrja hótelrekstrinum miðað við núverandi stöðu veltufjármuna og vaxtaberandi skulda hótelkeðjunnar.

➤ Kaupverð Berjaya í milljónum dala

Heildarvirði	136
Vaxtaberandi skuldir	64
Veltufjármunir	-0,5
Kaupverð 100% hlutafjár	71,5
Kaupverð 75% hlutafjár	53,6

75,1 þúsund dalir, jafnvirði um 9,4 milljóna króna, fyrir hvert hótelherbergi.

Fram kom í tilkynningu sem Icelandair Group sendi kauphöllinni hér á landi á laugardag að heildarvirði hótelkeðjunnar og tengdra fasteigna – hlutafé og vaxtaberandi skuldir – væri 136 milljónir dala, um 17,1 milljarður króna, í viðskiptunum.

Í tilkynningu Berjaya er hins vegar upplýst um að hlutafé Icelandair Hotels og fasteignanna sé metið á 71,5 milljónir dala í viðskiptunum miðað við stöðu vaxtaberandi skulda keðjunnar, sem séu 64 milljónir dala, og veltufjármuna hennar. Áætlað kaupverð á 75 prósentum hlutafjárins sé þannig líðlega 53,6 milljónir dala en endanlegt verð mun ráðast af fjárhagsstöðu hótelkeðjunnar þegar kaupin ganga í gegn í lok ársins.

Kaupverðið á hótelkeðjunni, sé miðað við heildarvirði hennar, 136 milljónir dala, er nálægt neðri mörkum þeirra óskuldbindandi tilboda sem fjárfestar sem fóru áfram

í aðra umferð sölufrelsisins gerðu í keðjuna.

Þannig upplýsti Markaðurinn um það snemma á þessu ári að tilbodið umræddra fjárfesta, sem voru meðal annars Keahótel og Reginn, sem skiluðu inn sameiginlegu tilbodi, og sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, hafi numið á bilinu 140 til 165 milljónum dala.

Auk skilyrða um endurfjármögnun á skuldum Icelandair Hotels, eins og áður var lýst, eru kaup Berjaya meðal annars háð samþykki dómsmálaráðuneytisins á grundvelli laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eftir því sem fram kemur í tilkynningu malasíska félagsins. Ráðgjafafyrirtækið PwC á Íslandi hefur þegar gert áreiðanleikakönnun á hótelkeðjunni fyrir Berjaya en Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var ráðgjafi malasísku samsteypunnar í viðskiptunum.

Tekjur Icelandair Hotels, sem rekur alls þrettán hótel auk sumarhótelkeðjunnar Hótel Eddu, námu 97 milljónum dala, jafnvirði 12,2 milljarða króna, í fyrra og var EBITDA hótelrekstrarins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – á sama tíma jákvæð um sjö milljónir dala. Samanlögð EBITDA hins selds – hótelkeðjunnar og fasteignanna – var um tólf milljónir dala á árinu. kristinni@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri **Hörður Eðgisson** hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Frettabladinu á Facebook

Fjeldco blæs til sóknar í London

Lögmennstofan Fjeldsted & Blöndal slf. vinnur nú að undirbúningi þess að hefja starfsemi í Bretlandi og hefur nýlega gengið frá stofnun félagsins Fjeldco Ltd. þar á landi. Sá sem mun stýra skrifstofu félagsins í London, samkvæmt heimildum Markaðarinn, verður hæstaréttarlögmaðurinn Gunnar Þór Þórarinnsson, fyrrverandi meðeigandi hjá lögmennstofunni LOGOS.

Gunnar, sem er stjórnarformaður Gamla Byrs og starfaði áður á skrifstofu LOGOS í London til margra ára, hefur meðal annars unnið mikið fyrir þá alþjóðlegu fjárfestingarsjóði sem voru stærstu kröfu-



Gunnar Þór Þórarinnsson lögmaður.

hafar föllnu bankanna.

Hagnaður lögmennsstofunnar, sem gengur ídulega undir nafninu Fjeldco, nam rúmlega 114 milljónum króna á árinu 2018 og minnk-aði um fimm milljónir á milli ára. Eigendum stofunnar fækkaði hins vegar á árinu um einn – úr fjórum í þrjá – og nam hagnaður á hvern eig-

anda vegna afkomu síðasta árs því um 38 milljónum króna. Hluthafar félagsins eru Halldór Karl Halldórsson, sem er jafnframt framkvæmdastjóri Fjeldsted & Blöndal, Hafliði K. Lárusson og Þórir Júlíusson.

Rekstrartekjur stofunnar voru samtals 369 milljónir í fyrra og héldust nánast óbreyttar á milli ára. Laun og annar starfsmannakostnaður jókst lítilega á milli ára og var samtals 135 milljónir króna. Stöðugildi á lögmennsstofunni voru að meðaltali ellefu talsins á liðnu ári.

Eignir Fjeldco námu 267 milljónum króna í árslok 2018 og var eigið fé félagsins um 137 milljónir. – hae



VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárninn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspeglar sænska natni við smáatriði. Aflið og myktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlara • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbilunum umfram rikulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapaki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarymi, Carplay Smartphone Apple og Android, lykjalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útspeglum.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is

Væri um þriðjungur af hlutfalli Arion

Eiginfjárhluftfall norrænna banka væri aðeins um þriðjungur af eiginfjárhluftfalli Arion banka ef erlendu bankarnir notuðust við sömu aðferð og íslenski bankinn. Þurfa að binda mun minna eigið fé en innlendir bankar til þess að ná fram sama eiginfjárhluftfalli.

Eiginfjárhluftfall norrænna banka væri líðlega þriðjungur af eiginfjárhluftfalli Arion banka ef þær eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fyrrnefndu bankanna væru reiknaðar samkvæmt sömu aðferð og íslensku bankarnir notast við.

Þetta má lesa út úr úttekt sem Arion banki hefur gert og kynnt var lífeyrissjóðum og fagfjárfestum í aðdraganda útböðs sem bankinn hélt í síðasta mánuði á tveimur nýjum vikjandi skuldabréfaflokkum í krónum.

Í úttektinni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er meðal annars bent á að eiginfjárhluftfall Arion banka, sem var 22,3 prósent í lok mars síðastliðs, sé hærra en flestra evrópskra og norrænna banka, hvort sem hlutfall erlendu bankanna sé reiknað samkvæmt staðalaðferðinni, eins og tíðkast hér á landi, eða innramatsaðferðinni en flestir bankar í álfunni notast við síðarnefndu aðferðina.

Ef gert væri ráð fyrir því að hlutfall áhættuvoga af heildareignum norrænna banka væri það sama og í tilfalli Arion banka, um 65 prósent, myndi eiginfjárhluftfall umræddra banka lækka verulega og yrði í sumum tilfellum aðeins ríflega þriðjungur af eiginfjárhluftfalli Arion banka.

Þannig yrði eiginfjárhluftfall Svenska Handelsbanken til að mynda aðeins 7,7 prósent, eftir því sem fram kemur í úttektinni, en til samanburðar er eiginfjárhluftfall sænska bankans 21 prósent eins og það er reiknað út í innramatsaðferðinni. Eiginfjárhluftfall Danske Bank myndi auk þess lækka úr 21,3 prósentum í aðeins 6,9 prósent og í tilvikum Nordea Bank færi hlutfallið úr 19,9 prósentum niður í 8,7 prósent, svo fáein dæmi séu tekin.

Staðalaðferðin – en samkvæmt henni er áhættugrunnur banka fengin með því að veita eignir bankanna með áhættuvogum í samræmi við sérstakan Basel-staðal – gerir það því að verkum að íslensku bankarnir þurfa að binda mun meira eigið fé en evrópskir bankar til þess að ná fram sama eiginfjárhluftfalli. Með uppþöku innramatsaðferðarinnar gæti eiginfjárþörf íslensku bankanna því dregist verulega saman.

Eins og fjallað hefur verið um á síðum Markaðarins hafa stóru viðskiptabankarnir þeir – Arion banki,

Íslandsbanki og Landsbankinn – haft það til skoðunar að taka upp slíka aðferð en það er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og gæti það tekið bankana í það minnsta þrjú ár að öðlast slíkt samþykki.

Staðalaðferð við gagnrýnd


Eiginfjárhluftfall banka er reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni. Að jafnaði eru tvær aðferðir notaðar til þess að leggja mat á áhættugrunnigna: staðalaðferð og innramatsaðferð.

Síðari aðferðin byggist á því að bankarnir meta sjálfir áhættu af útlánnum og öðrum eignum með líkönum sem þeir hafa smíðað og hlotið hafa blessun stjórnvalda. Bankarnir notast þá við mismunandi áhættuvogir, allt eftir því hve áhættusamar eignir er um að ræða, og geta þannig lækkað eiginfjársbindingu sína á áhættulitlum eignum en hækkað




Strangar eiginfjárkröfur hafa sætt gagnrýni, sér í lagi nú þegar samdráttur er hafinn í efnahagslífinu, enda dragi kröfurnar úr getu bankanna til að auka útlán þegar atvinnulífið þarf á auknu lánsfé að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Staðlað eiginfjárhluftfall



Eiginfjárhluftfall (CAD hlutfall)



á móti eiginfjársbindingu á áhættu-meiri eignum. Svigrúm bankanna til þess að meta áhættu af útlánnum – og þar með eiginfjárþörf sína – er þannig ríkt.

Eftir því sem hlutfall áhættuvoganna – og þar með áhættugrunnsins – af heildareignum banka er lægra dregur úr eiginfjárþörf bankans. Umrætt hlutfall er hátt á meðal íslensku bankanna, eða að meðal-

tali um 70 prósent, á meðan það er á bilinu 25 til 40 prósent að meðaltali á meðal stærstu bankanna á Norðurlöndunum. Sem dæmi lækkaði hlutfallið verulega hjá stærstu bönkum Svíþjóðar eftir að þeir tóku upp innramatsaðferðina árið 2007. Fór það úr 50 prósentum í 25 prósent árið 2017.

Lægrí áhættuvogir leiddu til hækkaðs eiginfjárhluftfalls á meðal

sænsku bankanna en það fór úr sex prósentum árið 2006 í 17 prósent sjö árum síðar. Á sama tíma hélst vögunarhlutfallið hins vegar nokkuð stöðugt í fjórum prósentum.

Þrátt fyrir að nokkur gagnrýni hafi beinst að því hvornig sumir evrópskir bankar nota innramatsaðferðina markvisst til þess að lækka áhættuvogir sínar, þá er engu að síður talið að sú aðferð gefi réttari mynd af eigin-

fjárstöðu banka en staðalaðferðin. Ráðgjafar fyrirtækið Oliver Wyman hvatti til dæmis íslensk stjórnvöld fyrir fáeinum árum til þess að leyfa bönkunum að nota innramatsaðferðina til þess að meta eiginfjárþörf sína. Áhættuvogir bankanna, samkvæmt staðalaðferðinni, væru í mörgum tilvikum of háar. hordur@frettabladid.is kristinningi@frettabladid.is

Helgi kaupir í Stoðum fyrir um tvö hundruð milljónir króna

Helgi Magnússon, fjárfestir og stjórnarformaður Bláa lónsins, keypti í fjárfestingarfélaginu Stoðum fyrir jafnvirði um 200 milljónir króna undir lok síðasta mánaðar. Þannig nemur eignarhlutur Hofgarða, félags í eigu Helga, um 0,94 prósentum eftir kaupin miðað við útstandandi hlutfélagið Stoða, samkvæmt nýjum lista yfir tuttugu stærstu hluthafa félagsins og Markaðurinn hefur undir höndum.

Helgi var í hópi nítján fjárfesta og sjóða sem keyptu um nítján prósent hlut Arion banka í fjárfestingarfélaginu föstudaginn 28. júní síðastliðinn en tveir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefns, dótturfélags bankans, fóru fyrir fjárfestahópnum og keyptu samanlagt um átta prósent hlut. Eignarhlutur Arion banka í Stoðum var seldur fyrir samtals um fjóra milljarða króna.

Þá fjárfesta tvö félög í eigu Ingimundar Sveinssonar arkitekts og fjölskyldu – Eldhrímnir ehf. og Fininvest ehf. – í Stoðum fyrir saman-

lagt um fjögur hundruð milljónir. Eignarhaldsfélagið Eldhrímnir, sem er í eigu hjónanna Ingimundar og Sigríðar Arnbjarnardóttur ásamt börnum þeirra, á núna tæplega eins prósent hlut í Stoðum.

Eldhrímnir var á meðal stærstu hluthafa í The Icelandic Milk and Skyr Corporation, betur þekkt sem Siggi's Skyr, sem var selt til franska mjólkurrissins Lactalis fyrir að lágmarki 370 milljónir Bandaríkjadala í ársbyrjun 2018, jafnvirði 40 milljarða króna á þáverandi gengi. Þá keypti félagið Fininvest ehf., sem var stofnað í síðasta mánuði, sömuleiðis nærri eins prósent hlut í Stoðum en bræðurnir Sveinn og Arnbjörn Ingimundarsynir sitja í stjórn félagsins.

Á meðal annarra fjárfesta, eins og upplýst var um í Markaðinum í síðustu viku, var Kári Guðjón Hallgrímsson, stjórnandi á skuldabréfasviði fjárfestingarbankans JP Morgan í London, en hann keypti í Stoðum fyrir um 300 milljónir og fer með um 1,3 prósent hlut í gegnum



Helgi var á meðal þeirra sem keyptu hlut Arion í Stoðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

félagið Vindhamar. Þá keypti Óttar Pálsson, stjórnarformaður í Kaupþingi og meðeigandi hjá LOGOS, fyrir um 100 milljónir í gegnum eignarhaldsfélagið Kaldakur og er hann á meðal tuttugu stærstu hluthafa Stoða með 0,47 prósent hlut.

Aðrir sem hafa bæst á lista yfir stærstu hluthafa Stoða, og eiga hver um sig hlut í félaginu að jafnvirði um 50 milljónir króna, er meðal

annars Helga Árnadóttir athafnakona, Ingimundur Ingimundarson, stór hluthafi í HB Granda, Jóhannes Bjarni Björnsson, meðeigandi hjá Landslögum, og Sigurður Gísli Pálsson, annar eigenda IKEA á Íslandi.

Helgi Magnússon, sem er fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna og sat í stjórn Marelis í fjórtán ár, keypti í byrjun

22

milljörðum nam eigið fé Stoða eftir nýlega hlutfjárlækkingu félagsins.

síðasta mánaðar helmingshlut í Torgi, útgáfufélagi Fréttablaðsins, og tók hann í kjölfarið sæti í stjórn félagsins.

Stoðir, sem eru á meðal stærstu hluthafa í tryggingafélaginu TM, Arion banka og Símanum, högnuðust um 1.100 milljónir á síðasta ári.

Stærsti hluthafi Stoða er eignarhaldsfélagið S121 með um 65 prósent hlut. Það er meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungar, og Órvars Kjærnsted, fjárfestis og stjórnarformanns TM. – hordur@frettabladid.is

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

Álskóflur


frá 1.999



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör
9.999



4.895

Viðgerðarbretti



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör
14.999



6T Búkkar 605mm Par
9.999




frá 1.495
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvark ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk



frá 395

Hjólbörur 100kg



3.995

Laufahrífur



frá 999



frá 395

Ruslatínur



frá 995

Skóflur

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



5.999

Fjölsög Höfftech



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Vængstýfður bankarekstur settur á sölu

Framtíðarsýn stjórnvalda á umgjörð fjármálakerfisins skiptir meginmáli þegar kemur að sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum. Arðsemisgetan dregin niður af miklu regluverki og þungri skattbyrði. Fyrirvaralausar álögur fæla erlenda fjárfesta frá og banka-skatturinn rýrir eignarhlut ríkisins.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Stjórnvöld þurfa að marka skýra stefnu til að bæta rekstrarumhverfi bankanna áður en ráðist verður í sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og Landsbankanum. Hvergi í Evrópu finnst hærri skattbyrði og eiginfjárkröfur eru strangar. Bankarnir búa auk þess við íþyngjandi regluverk sem gerir það meðal annars að verkum að þeir hafa takmarkaða möguleika á að draga úr kostnaði með samstarfi sín á milli. Allt þetta kemur niður á arðsemi bankanna og þar með verðinu sem ríkið getur búist við að fá fyrir eignarhlutinn.


Eigendastefna ríkissjóðs sem var kynnt um mitt ár 2017 kvað á um að seldir yrðu eignarhlutir ríkisins í Íslandsbanka og Arion banka. Hins vegar er stefnt að því að ríkið eigi verulegan hlut í Landsbankanum, á bilinu 34 til 40 prósent. Gengið var frá sölu á hlut ríkisins í Arion banka á síðasta ári og á næstu vikum skilar Bankasýsla ríkisins ýtarlegri skýrslu um stöðu á bankamarkaði og tillögu um söluferli bankanna. Nýlega var haft eftir Lárusi L. Blöndal, stjórnarformanni Bankasýslunnar, í Morgunblaðinu að unnt væri að hefja söluferlið á næsta ári.

„Ég er ekki viss um að bankarnir séu vænlegir til sölu ef við horfum á rekstrarumhverfið, hvernig þeir eru skattlagðir og hversu þröngar skorður þeim eru settar um samstarf til að hagræða. Efnahagsreikningar eru traustir en geta þeirra til að skila mikilli arðsemi í framtíðinni er ekki sérstaklega góð,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, í samtali við Markaðinn.

Hér á landi eru þrjú skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki; bankaskattur sem er lagður á skuldir fjármálafyrirtækja, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur.


Arðsemi eiginfjár hjá íslensku bönkunum

■ Landsbankinn ■ Íslandsbanki ■ Arion banki



Hlutfall markaðsvirðis af eigin fé hjá völdum evrópskum bönkunum

HEIMILD: BLOOMBERG



Erfitt að selja Íslandsbanka í heilu lagi

Bankasýsla ríkisins telur ólíklegt að unnt verði að selja eignarhlut ríkisins í Landsbankanum eða Íslandsbanka til erlends banka. Lítið hefur verið um yfirtökur á bönkunum á milli Evrópulanda eftir fjármálahrunið en hins vegar er möguleiki á því að stór norrænn banki sæi hag sinn í því að gera íslenskan banka að útibúi.

Bankasýslan skilaði minnisblaði til starfshópsins sem skrifaði hvítbókina þar sem fram kom að sú skoðun hefði verið

staðfest að mestu leyti í reglu- legum samskiptum við alþjóðlega fjárfestingarbanka.

Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður Bankasýslunnar, sagði í samtali við Morgunblaðið fyrr í mánuðinum að hann væri svart-sýnn á að það tækist að selja Íslandsbanka í heilu lagi.

„Eins og staðan er í dag er þó mjög ólíklegt að það takist. Hversu stór hluti bankanna, ef einhver, verður seldur fer eftir hinum pólitíska vilja,“ sagði Lárus.

» Á árunum 2014 til 2018 fækkaði bankastarfsmönnum um 13 prósent.

» Á tímabilinu 2014 til 2018 hefur mesti útlánavöxturinn verið hjá Landsbankanum.

ur. Yngvi Örn bendir á að hvergi í Evrópu sé skattlagning á fjármálafyrirtæki hærri en á Íslandi.

„Bankaskatturinn er þungbærastur vegna þess að hann hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað og skekkir samkeppnisumhverfið á lánamarkaði verulega. Þetta hefur annars vegar haft þau áhrif að lifeyrissjóðir, sem eru undanþegnar skattinum, hafa náð að stórka hlutdeild sína í húsnæðislánum og hins vegar þau að norrænir bankar geta laðað íslensk stórfyrirtæki í viðskipti til sín. Norrænu bankarnir eru að keppa með miklu lægri skattbyrði og miklu lægri eiginfjárkröfur,“ segir Yngvi Örn. Ríkið sé í rauninni að skjóta sig í fótinn með því að draga úr samkeppnishæfni banka sem ætlað er að selja.

„Það hefur auk þess fælandi áhrif á erlenda fjárfesta ef ríkið, stjórnvöld og Seðlabankinn geta fyrirvaralaust og án lagagrundvallar lagt ný gjöld á fjármálafyrirtæki. Síðasta dæmið var í júlí í fyrra en þá tilkynnti Seðlabankinn þá ákvörðun sína að helmingurinn af bindiskyldunni væri á núll prósent vöxtum til að standa undir kostnaði við gjaldyrisforðann.“

Arðsemi íslensku bankanna var töluverð þegar hreinsun efnahagsreikninga þeirra stóð yfir á árunum 2012 til 2015. Það tímabil er að baki og er hagræðing í rekstri eina leiðin til þess að auka arðsemina að sögn Yngva.

„Stærstu kostnaðarliðir banka eru laun, skattar og kostnaður við upplýsingatækni. Bankar hafa fækkað starfsfólki og útibúum á undanförunum árum. Á upplýsingatæknisviðinu er erfitt að draga úr kostnaði nema með auknu samstarfi við kaup og þróun búnaðar. Skilyrði sem Samkeppniseftirlit hefur sett slíku samstarfi draga mjög úr hagræði eða koma í veg fyrir það,“ segir Yngvi Örn.

„Bankarnir búa yfir öllum þeim innviðum sem nútímabankarekstur krefst en kostnaður hvers banka dreifist á um hundrað þúsund viðskiptavinum á meðan kostnaður Danske Bank dreifist á milljónir viðskiptavina. Þarna eru augljós tækifæri til samstarfs sem myndu leiða til hagkvæmni en afstaða Samkeppniseftirlits til samstarfs á upplýsingatæknisviði torveldar að hægt sé að nýta þau.“

Hvernig telurðu að standa þurfi að sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum?

„Ég hef sagt að áður en bankarnir verða seldir verður að setja ákvæði í lög um stóra eignarhluti og takmarkanir á atkvæðisrétti þeirra sem eiga stóra eignarhluti í bönkunum. Það á að vera fyrsta skrefið í ljósi reynslunnar. Að öðru leyti þarf salan að fara fram fyrir opnum tjöldum. Ein leið til þess væri að skrá bankana í Kauphöllina og byrja á því að selja lítinn hlut





MIDVIKUDAGUR 17. JÚLÍ 2019

Jardböd

Mömmumatur og meira til!



Hlaðborð alla virka daga
Kynningarverð 1.990 kr.

Íspinni fyrir krakkana í eftirmat
6-12 ára hálfvort, frítt fyrir þau yngstu

Opið 11-21 virka daga



Laugavegi 178 - matarbarinn.is

Þurfti bara að prófa sundið einu sinni

Hera Sigurðardóttir byrjaði að stunda sjósund fyrir fimm árum. Hún segir að eftir eitt skipti verði ekki aftur snúið. Hera mælir eindregið með sjósundi fyrir alla og segir það vera fullkomna blöndu af heilsuefingu og hugleiðslu. ➔2



Hera Sigurðardóttir segir að þegar kuldinn sé yfirstiginn upplifi hún mikla velliðunartilfinningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

15. - 20. JÚLÍ Í FAXAFENI

GÁMASALA!

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

GÖTUHJÓL · FJALLAHJÓL · BARNAHJÓL

*VAXTALAUS KORTALÁN TIL ALLT AÐ 6 MÁNADA - LÁNTÖKUGJALD ER INNHEIMT VEGNA KORTALÁNA

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Ég veit ekki alveg hvað kveikti áhugann á þessu hjá mér. Ég hef alltaf verið frekar hrædd við sjóinn. Mér hefur fundist ógnandi að vita ekki hvað er fyrir neðan mig og hversu djúpur sjórinn er. Mig minnir að ég hafi prófað sjósund fyrst í Flatey á Breiðafirði þegar ég var að vinna þar. Ég þurfti bara að prófa einu sinni. Þegar maður er búin að ná tökum á huganum, sem segir manni að það sé of kalt og maður verði að fara upp úr, og maður hefur náð tökum á önduninni þá gerist eitthvað. Maður upplifir svo mikla velliðunartilfinningu að maður verður að gera þetta aftur," segir Hera.

Hera segist reyna að fara í sjósund nokkrum sinnum í mánuði. Hún fer yfirleitt í Nauthólsvíkina og hefur verið meðlimur í ýmsum hópum sem hafa mætt þangað saman. „Ég fer yfirleitt með einhverjum öðrum. Bæði upp á félagsskapinn og upp á öryggi líka. Þetta er nefnilega hættulegt sport. Maður þarf að passa sig að vera búin að borða og drekka vel yfir daginn ef maður ætlar í sjóinn seinni partinn. Maður á helst ekki að fara einn eða fara mjög langt.“

Hera segist yfirleitt ekki synda mjög langt. Hún er svona fjórar til fimm mínútur ofan í sjónum í mesta lagi á sumrin, haustin og vorin. En hún stundar þó sjósund á veturna líka.

„Það er alltaf meiri sigur að fara út í á veturna. Maður er ekki lengi út í sjónum í hvert skipti á þeim árstíma. En ef fólk stundar sjósund reglulega setur það ekkert fyrir sig að sjórinn sé kannski -1 gráða. Það verður jafnvel bara ennþá meiri áskorun og ennþá meiri uppskera. Það er í raun aldrei of kalt. Það sem fælir mig helst frá er þegar það er of mikill vindur. Þá er svo mikil vindkæling þegar maður er á leiðinni ofan í sjóinn. En það er eiginlega það sama með vindkælinguna og með hitastigið á sjónum. Ef maður



Hera að fara í sjóinn við Langasand á Akranesi.

Þegar maður hefur náð tökum á önduninni upplifir maður svo mikla velliðunartilfinningu að maður verður að gera þetta aftur.

Hera
Sigurðardóttir



er í æfingu og gerir þetta reglulega þá er bara meiri áskorun að drifa sig jafnvel þótt það sé hríðarbylur, maður fer bara samt," segir Hera.

Allra meina bót

Hera segir að heilsufarslegur ávinningur af sjósundinu sé mikill. „Þetta er mjög gott ef maður er með vöðvabólgu eða einhverjastodkerfisvandamál. Svo er manni sagt að þetta hafi líka góð áhrif á taugaferfið og sogæðakerfið. Ég hef tröllatru á þessu. Ég held að þetta sé allra meina bót. Ég get vitnað um það því ég hef fundið það sjálf á eigin líkama.“

Það er mikilvægt að stunda sjósund reglulega til að viðhalda færninna að sögn Heru. „Eftir því sem lengra liður á milli, því erfiðara verður þetta. Maður sækir

þá minna í þetta og verður meiri kuldaskræfa við tillugsunina.“

Hera segir að nóg sé að stunda sjósund í venjulegum sundfötum, en hún notar líka oftast eyrnaband, nema helst yfir hásumarið. „Það er eiginlega nauðsynlegt til að halda höfðinu heitu. Mér finnst líka gott að vera í sjósundskóm og með hanska. Taugaendarnir eru náttúrulega í fingurgómunum og tånun þannig að þegar þessir staðir vera kaldir senda þeir boð til heilans um að maður verði að drifa sig upp úr. Maður nær að plata aðeins heilann með því að verja þessi svæði. Maður nær yfirhöndinni með huganum.“

Auk þess að stunda sjósund í Nauthólsvík hefur Hera líka prófað sjóböð í Danmörku og Svíþjóð. „Ég hef farið á sérstaka sjóbaðstaði þar

í sérstökum baðhúsum. Þar er fólk oft að baða sig nakið. Mér finnst það æðislegt, sjórinn er aðeins hlýrri þar. Það eru gufuböð þar og fólk er að fara í sjóinn og kæla sig og fer svo í gufu á eftir. Það er líka hægt í Nauthólsvíkinni. Það er náttúrulega heiti potturinn og gufubað líka.“ segir Hera og bætir við að hún mæli 100% með sjósundi fyrir alla.

„Það geta allir yfirstigið kuldaskræfuna í sér. Þetta er svo góð hugleiðsla. Þegar manni er svona kalt og er bara að reyna að ná tökum á andardrættinum þá getur maður í raun ekki hugsað um neitt annað. Þannig að þetta er fullkomin núvitund. Þú ert bara að anda og ná tökum á andardrættinum í fimm mínútur. Það er fullkomin hugleiðsla.“

Fljótandi laugar á Austurlandi

Vök Baths eru heitar náttúru-laugar við Urriðavatn, í einungis 5 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum. Stefnit er að opnun Vök Baths núna í júlí.

Á Austurlandi eru fá jarðhitasvæði og því eru heitar náttúru-laugar spennandi nýjung fyrir íbúa og gesti. Þess má geta að jarðhitavatnið sem kemur úr borholum Urriðavatns er auk þess svo hreint að það hefur verið vottað hæft til drykkjar en ekkert jarðhitavatn hér á landi hefur fengið þá vottun sem eykur enn á sérstöðu Vök Baths.

Virðing fyrir umhverfinu

Fljótandi laugar eru nýnæmi hér á landi en í þeim ná gestir að upplifa einstaka tengingu við náttúruna með útsýni í allar áttir. Auk fljótandi lauganna býður Vök Baths upp á tvær heitar laugar við strönd vatnsins, laugarbar, köld úðagöng og gufubað.

Á Teburnum er boðið upp á úrval af lífrænum jurtadrykkjum sem gestir brugga sér sjálfir. Þar eru á boðstólum íslenskar handtíndar jurttir sem blandað er í 75 gráðu heitt og kristaltært vatn beint úr borholum Urriðavatns.

Veitingastaður Vök Baths hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri matseld og kaupum aðfanga. Lögð er rík áhersla á íslenskt hráefni úr heimabyggð og breytist því matseðillinn reglulega yfir árið eftir því hvaða hráefni er í boði hverju sinni.

Jarðhitinn í Urriðavatni uppgötvadist á sínum tíma þegar ákveðnar vakir, svokallaðar Tuskuvakir, héldu sér á vatninu sama hvernig frysti. Vakirnar eru því aðal kennimerki Vök Baths en það eru tvær laugar sem fljóta á vatninu. Gestir geta því reynt á eigin skinni að sitja í heitum vökum Urriðavatns og mynda



Eins og sést þá er svæðið einstaklega fallegt. MYND/VÖK BATHS

þannig einstök tengsl við náttúruna í kring.

Einstök upplifun

Heiður Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths, segir þetta tækifæri til að efla áhugann á Austurlandi. „Með sögu þessa sérstaka heita vatns að leiðarljósi og áhuga ferðamanna á heitum náttúru-laugum var Vök Baths virkilega spennandi tækifæri til að láta verða að veruleika á Héraði. Á sama tíma

fær Austurland meiri athygli sem er sannarlega verðskuldað því hér má finna einar fegurstu náttúru-perlur landsins að mínu mati, einstaka menningu og andrúmsloft sem enginn ferðamaður, innlendir eða erlendir, ætti að láta fram hjá sér fara.“ segir Heidiur.

„Við viljum sannarlega að ferðamaðurinn nái að upplifa það besta sem svæðið hefur upp á að bjóða og með því að koma í Vök Baths getur ferðamaðurinn upplifað sig

sem hluta af Urriðavatninu með því að baða sig í fljótandi laugum umkringdur dýralífi og einstakri náttúru, sumar sem vetur. Við höfum svo tekið brot af því besta af afurðum af svæðinu inn til okkar, hvort sem er í efnisvali í byggingunni sjálfri eða afurðum sem hægt er að neyta í formi veitinga. Það ættu því allir að geta fengið að bragða á einhvern hátt á töfrum Austurlands með viðkomu sinni í Vök Baths.“



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Vinsamlegast bókið
fyrirfram á jardbodin.is

Please book online at
naturebaths.is

☎ 464 4411
[#myvatnnaturebaths](https://www.instagram.com/myvatnnaturebaths)

Bílar & Farartæki

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNIN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nýja@nýja.is



LAND ROVER Discovery hse. Árgerð 2018, ekinn 10 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 11.980.000. Rnr.116826.



BMW i13 rafmagnsbíll leður luga og fl. Árgerð 2017, ekinn 14 þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.360420.



BMW 5 525d xdrive. Árgerð 2016, ekinn 38 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 4.790.000. Rnr.213640.



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2017, ekinn 11 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 7.490.000. Rnr.213439.



FORD F150 lariat power stroke dísel. Árgerð 2019, ekinn -1 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 10 girar. Verð 13.680.000. Rnr.213659.



DODGE Ram 3500 laramie. Árgerð 2019, ekinn -1 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.450.000. Rnr.213622.

Nýja bílahöllin Eirhöfða 11, 110 Rvk. Sími: 567 2277 www.nýja.is

Vissir þú að... **Barnaheill** See the Children's Island. börn eiga rétt á að leika sér

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kigtu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Hópfarabílar



54 sæta M-Benz 0303. Verð 650 þús. Sími 893-4246

Kerrur

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Pípulagningarmeistari. Getur bætt við sig verkefnum smáum sem stórum. Vanir menn. Sími: 820-9396

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bólstrun

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsníðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið • Húsbílinn • Bátinn • Hjólhýsið • Sumarhúsið • Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Málara

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vonduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLARAR.

Faglærðir Málara. Tökum að okkur alla almenna málningavinnu. Sanngjart verð. S. 696 2748 / loggildurmalarari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftstrætikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.
Ástir, Fjármál, Heilsa. Opið alla daga.

Keypt & Selt

Til sölu

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir ca 80-85 fm íbúð á Suðurlandi eða Reykjanesvæðinu. Uppl. í s. 454-5270 Guðlaug.

Hjón með traustar tekjur óska eftir 2 herb. 60 fm + íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. s: 787-1097.

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDBIL.
TIL LEIGU EDA SÖLU 50 m2 bil. Loft hæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegji 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hugar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rektur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þannan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og i innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

til þess að fá tilfinningu fyrir því hvað minni fjárfestar eru tilbúnir að borga fyrir hlutabréfin.“

Væntingar spila inn í verðið

Eftir sölu Kaupþings á tuttugu pró-senta hlut í Arion banka í júlí varð bankinn sá fyrsti af íslensku viðskiptabönkunum þremur til að vera alfarið kominn úr höndum slitabús eða ríkissjóðs. Arion var skráður á hlutabréfamarkað sumarið 2018 og var útboðsgengið sett 75 krónur á hlut eða sem samsvaraði genginu 0,67 sinnum bókfærðu eigin fé bankans. Hlutfallið nemur nú 0,73.

Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var kynnt í lok síðasta árs en lítið hefur frétt af þeim tillögum sem þar voru settar fram. Þar kom fram að verði á hlutabréfum í Arion banka gæfi viðbendingu um markaðsvirði hinna bankanna tveggja. Eigið fé Landsbankans nam 246 milljörðum króna og eigið fé Íslandsbanka 174 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs. Eftir markaðsvirði Arion banka sem hlutfall af bókfærðu eigin fé væri heimfært á hina bankana tvo næmi virði þeirra á markaði um 307 milljörðum króna.

Í hvítbókinni kom einnig fram að Bankasýsla ríkisins teldi ólíklegt að unnt yrði að selja eignarhlut ríkisins í Landsbankanum eða Íslandsbanka til erlendis banka. Lítið hefði verið um yfirtökur á bönkum á milli Evrópulanda eftir fjármála-hrunið en hins vegar væri möguleiki á því að stór norrænn banki sæi hag sinn í því að gera íslenskan banka að útibúi.

Sveinn Þórarinnsson, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir ljóst að hægt sé að grípa til ýmissa ráða til að gera bankana söluvæna.

„Það er ekkert launungarmál að skattlagning í bankakerfinu er hærri en annars staðar. Þetta rifur niður arðsemina og þar með verðið á bönkunum,“ segir Sveinn.

„Síðan er gríðarlega mikið regluverk á fjármálamarkaði sem fjárfestar horfa til þegar þeir verðmeta banka. Það skiptir því miklu máli hvaða sýn stjórnvöld hafa á framtíð regluverksins og lagaumgjárdarinnar.“

Markaðurinn greindi frá því í byrjun júlí að lausafjárstaða stóru viðskiptabankanna þriggja í krónum hefði versnað á síðustu mánuðum. Hertar kröfur drægju úr getu bankanna til þess að auka útlán á sama tíma og hagkerfið þarf á auknu lánsfé að halda.

Í skýrslu hagfræðideildar Landsbankans kemur fram að íslensku lausafjárreglurnar séu byggðar á evrópskum reglum sem séu minni bönkum þungbærari en öðrum.

„Reglur um lausafé eru nú

Hafa litla trú á stjórnvöldum

Við gerð hvítbókarinnar var Arion banki fenginn til að skrifa minnisblað um lærdóminn af söluferli bankans sem lauk með skráningu á markaði í júní 2018. Þar kom fram að eitt af því sem forsvarsmenn bankans lærðu í viðræðum við erlenda fagfjárfesta væri að þeir „þurfa ekki að eiga Ísland“.

Skráningar íslenskra félaga á markað væru ekki af þeirri stærðargráðu að erlendir fagfjárfestar teldu sig þurfa að taka

þátt. „Íslenskur fjárfestingakostur þarf að vera aðlaðandi í gæðum og verði til að höfða til erlendra fjárfesta,“ segir í minnisblaðinu.

Erlendir fjárfestar hafa að sögn bankans mikla trú á íslensku efnahagslífi en minni sannfæringu fyrir því að stjórnvöld og regluumhverfi hérlendis sé eins og best verður á kosid. Skyndileg hækkun á kerfisáhættuauka og ákvörðun Seðlabankans um

Við erum stundum föst í gamaldags-hugsunarhætti um að annaðhvort eigi ríkið að eiga banka eða hann sé seldur fyrir sem mest fé.



Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna

að okkar mati orðnar meira hamlandi fyrir lánavöxt og arðgreiðslur en eiginfjárkröfur,“ segir í skýrslu hagfræðideildarinnar.

Jafnframt séu reglurnar meira íþyngjandi fyrir íslenska banka í ljósi þess að hlutfallslega sé minna um lausafjäreignir hér á landi í samanburði við önnur Evrópuríki. Ríkisskuldabréf séu helstu lausafjäreignir íslenskra banka á meðan til að mynda fyrirtækjaskuldabréf með háa láns hæfiseinkunn séu talin viðunandi lausafjäreignir í tilfalli evrópskra banka.

Vegferðin tekur mörg ár

Óli Björn Kárasón, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að lífskjör almennings felist ekki í því að binda gríðarmikla fjármuni í fjármálastarfsemi.

„Í mínum huga er þetta tvíþætt. Annars vegar á ríkið ekki að vera í áhætturekstri á fjármálamarkaði með þeim hætti sem það gerir í dag. Hins vegar þurfum við að taka ákvörðum um það hvort við teljum skynsamlegt að binda gríðarmikla fjármuni í tveimur fyrirtækjum sem annars væri hægt að nýta í aðra samfélagslega innviði til þess að bæta lífskjör og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ég tel að lífskjör og lífshamingja landsmanna felist ekki í því að binda nokkur hundruð milljarða í fjármálastarfsemi,“ segir Óli Björn.

Ég er ekki viss um að bankarnir séu vænlegir til sölu ef við horfum á rekstrarumhverfið.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja



Sérðu fyrir þér pólitískar hindranir þegar kemur að sölu á bönkunum?

„Það liggur fyrir að stefnt er að því að hefja sölu á hluta af bönkunum. Menn hafa horft til þess að taka fyrstu skrefin með Íslandsbanka og sá undirbúningur er þegar hafinn. Ég vonast til þess að fyrsta skrefið verði tekið á næsta ári en þessi vegferð mun ekki taka eitt eða tvö ár. Hún mun taka mörg ár,“ segir Óli Björn.

„Það skiptir líka máli að það sé skýr stefna hvað varðar aðferðafræði og tímaramma. Erum við að tala um að losa að mestu eða öllu leyti um eignarhald ríkisins á fjármálafyrirtækjum á næstu 10 árum? Ég held að það sé skynsamlegt að setja slíkan tímaramma.“

Þá segir Óli Björn að deildar meiningar séu um það hvaða hlutverk ríkið eigi að leika á fjármálamarkaði en hann telur að ágreiningurinn á þinginu muni fyrst og fremst snúast um það hvort ríkið haldi eftir verulegum eignarhlut í Landsbankanum.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra greip til þess að fresta frumvarpi sínu um lækku bankaskattsins um eitt ár vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í tekjum ríkissjóðs. Óli Björn segir að skatturinn rýri eignarhlut ríkisins í bönkunum.

„Það er ljóst að

bindiskyldu á erlent fjármagn hafi einnig orkað tvímælis fyrir fjárfesta.

Lög um kaupauka komu erlendum fjárfestum á óvart og þeir furðuðu sig á því að bankinn skyldi vera í samkeppni um íbúðalán við lífeyrissjóði sem sættu ekki sömu kröfum um eigið fé, útlánatap og skattgreiðslur.

Ég tel að lífskjör og lífshamingja almennings felist ekki í því að binda nokkur hundruð milljarða í fjármálastarfsemi.

Óli Björn Kárasón, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis



menn þurfa í þessu ferli, þegar menn leggja hér skatta eða álögur á fjármálakerfið sem er umfram það sem gengur og gerist í samkeppnislöndum, þá gerist tvennt. Annars vegar verða bankar hér ekki jafn samkeppnishæfir og það verða fyrst og fremst stærri fyrirtæki á Íslandi sem hafa burði til þess að leita sér að fyrirgreiðslu erlendis. Eftir standa íslensk heimili og minni fyrirtæki sem þurfa þá að setja sig við að eiga viðskipti við innlend fjármálafyrirtæki sem geta ekki boðið jafn hagstæð kjör. Það er þá ljóst að það er almenningur, og litlu og meðalstöru fyrirtækin sem borga í raun þessa skatta. Og hitt er að þetta rýrir eignarhlut ríkisins þegar til sölu á eignarhlutnum kemur.“

Ertu vongóður um að hægt verði að selja bankana í heilu lagi?

„Auðvitað vil ég að ríkið fari alfarið út af fjármálamarkaði en þetta er langhlaup. Það sem er mikilvægt er að hefjast handa með skýra stefnu. Ef það er niðurstaðan að menn telji að ríkið eigi að eiga ráðandi hlut, 30-35 prósent hlut í öðrum hvorum bankanum, og þá er yfirleitt alltaf horft til Landsbankans, þá kann að vera að það sé ásættanlegt til skemmri tíma lítið. Langtímamarkmiðið er þó að losa um

þessa fjármuni, hætta að taka þátt í áhætturekstri og nýta fjármunina með öðrum hætti.“

Brýnt að skoða aðrar leiðir

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að ríkissjóður dragi úr eignarhaldi á bankamarkaði en verði leiðandi fjárfestir í að minnsta kosti einni kerfislega mikilvægri fjármálastofnun. Ekki hefur gætt mikillar mótstöðu við áformin á opinberum vettvangi af hálfu Vinstri grænna en Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður flokksins, segir að nýta þurfi tækifæri til að skoða hvaða möguleikar standa til boða.

„Við eigum fyrst og fremst að huga að því hvernig við tryggjum ríkinu, og þar með almenningi, sem bestan skerf af þeim verðmætum sem þarna liggja. Þá þarf maður að vera tilbúinn að skoða alla möguleika. Er best fyrir almenning að fá hlutdeild í arði, að einn bankanna verði rekinn á öðrum forsendum og eigum við að skoða einhvers konar samfélagsbanka? Er bankakerfið of stórt og eigum við þar af leiðandi að skoða sameiningu banka þannig að úr verði tveggja banka kerfi þar sem annar bankinn er í eigu ríkisins?“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna.

„Það er ekki markmið í sjálfu sér að losa eða selja bankann, þar skipta hagsmunir almennings öllu. Við erum stundum föst í gamaldags hugsunarhætti um að annaðhvort eigi ríkið banka eða hann sé seldur fyrir sem mest fé. Punktur. Við þurfum að horfa til þeirra fjölmörgu markmiða sem við ætlum að ná með fjármálakerfinu og þar er verðmiði ekki endilega aðalatriðið. Við þurfum að vera óhrædd við að hugsa um þetta eftir algjörlega nýjum leiðum.“

Spurður hvort hann telji að sala eignarhalds ríkisins á bönkunum verði mikið ágreiningsefni innan ríkisstjórnarinnar segir Kolbeinn að honum kæmi mjög á óvart ef flokkarnir hefðu nákvæmlega sömu áherslur hvað þessi mál varðar.

„Þetta eru ólíkir flokkar með ólíkar áherslur og þá þarf að finna lendingu. Ég tel að ríkið eigi að eiga fjármálastofnun og í stjórnarsáttmálanum er talað um að það sé leiðandi fjárfestir í að minnsta kosti einni fjármálastofnun.“



Krefjandi að reka framleiðslu á Íslandi

Svipmynd

Valdimar Hafsteinsson

Nám:

Stúdent frá MA 1986, iðnaðar-
tæknifræðingur (B.Sc.) frá gamla
Tækniskólanum (nú HR).

Störf:

Ég hef starfað sem framkvæmda-
stjóri fjölskyldufyrirtækisins
Kjöriss síðan 1994 og er formaður
Atorku, félags atvinnurekenda
á Suðurlandi. Áður vann ég með
skóla aðallega í Kjöriss og einnig í
byggingavinnu.

Fjölskylduhagir:

Er kvæntur Sigrúnu Kristjáns-
dóttur, yfirljósmóður HSu. Eigum
við tvíburana Hafstein og Kristján
fædda 1989 og dótturina Guð-
björgu fædda 1996.

Valdimar Hafsteins-
son hefur starfað
sem framkvæmda-
stjóri Kjöriss í aldar-
fjórðung. Valdimar
segir að Kjöriss sé
eitt af fáum rótgrónum fjölskyldu-
fyrirtækjum sem ekki voru seld í
gódærinu og stóðu af sér hrundi.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Helstu áhugamálin eru tengd
hreyfingu og útivist. Ég var í öllum
íþróttum sem í boði voru þegar ég
var að alast upp. Knattspyrna náði
yfirhóndinni tímabundið og lék ég
í meistaraflokki með Hveragerði.
Þegar undir þritugt var komið þá
stofnaði konan mín, ásamt fleirum,
blakdeild í Hveragerði og fórum við
nokkur að stunda blak af kappi. Sú
íþrótt hentar vel fram eftir aldri
og stundum við hjónin enn blak
með Hamri á veturna. Á sumrin
eru hlaupaskórnir dregnir fram og
stundum við hlaup með félögum
okkar í skokkhópi Hamars. Og er
jafnvel keppt í einu og einu hlaupi
til að halda æfingadampi. Að baki
eru fimm maraþon og þrjár Lauga-
vegir sem eru helstu afrekin. Á vet-
urna get ég líka algvæ dottið í grúsk
í ættfræði, landafræði eða sögu.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég er einfaldur maður og rútínan
er svipuð á virkum dögum. Hafra-
grautur með rjoma og banöðnum
upp úr kl. 7.30. Svo er gengið í
vinnuna sem eru nákvæmlega 112
skref. Þar er tekin staðan á verk-
efnum dagsins með samstarfs-
fólkinu. Á laugardagsmorgnum er
skokktúr með skokkhópnum og
að sjálfsgöðu er sunnudagurinn
hvíldardagur.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar
í starfinu?*

Það góða við þetta starf er að mér



Valdimar segist vona að eftir tíu ár verði hann enn að borða ís. Þá verði hann örugglega enn skokkandi um fjöllin. FRÉTTAFLAÐIÐ/STEFÁN

finnst það nánast alltaf skemmti-
legt. Þegar maður hefur unnið í
25 ár í sama starfi þá er auðvitað
krefjandi að halda sér og öðrum
á tánum. Það að velja sér gott
samstarfsfólk er lykilatriði og
við höfum verið lánsöm að hafa
afbragðs fólk í vinnu sem lítur á
fyrirtækið sem sitt eigið. Það hefur
auðveldað mér þennan rekstur á
þessum árum. Auðvitað geta komið
erfið mál og ákvarðanir sem geta
tekið á en það eru tækifæri í öllum
aðstæðum sem hægt er að nýta sér
eða læra af. Aðrar áskoranir felast í
að viðhalda stöðu okkar hjá neyt-
endum og viðskiptavinum. Þeir
hafa treyst okkur í 50 ár og borða
í sinn okkar aftur og aftur. Að við-
halda þeirri hringrás er stærsta
áskorunin.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar
í rekstrarumhverfinu?*

Það að reka framleiðslufyrir-
tæki á Íslandi er krefjandi starf.
Undanfarn misseri hafa laun
hækkað umtalsvert og samkeppni

er allajafna hörð við innlendar og
erlendar vörur. Verðhækkunir hafa
því verið í lágmarki. Þetta gerir það
að verkum að leita þarf allra leiða
til hagræðingar og útsjónarsemi
í rekstrinum. Á meðan eru vextir
háir, tryggingagjald hátt og kostnað-
aður eins og fasteignagjöld hefur
stórhækkað. Tollar hafa lækkað á
innfluttan ís og á meðan eru tollar
hækkaðir á dýrustu hráefnunum til
að girða fyrir ódýran innflutning.
Þetta gerir allan rekstur í þessum
iðnaði þungan. Umræða um sykur-
skatt er eins og áður felubúningur
skattahækkana sem munu skekkja
samkeppnisstöðu og veikja inn-
lenda framleiðslu.

*Hvada breytingar sérðu fyrir þér
hjá Kjöriss á næstu árum?*

Kjöriss er eitt af fáum af þessum
gömlu grónu fjölskyldufyrir-
tækjum sem voru ekki seld í gód-
ærinu, stóðu af sér hrundi og hafa
farið vel í gegnum kynslóðabreyt-
ingar. Ég sé Kjöriss fyrir mér sem
fjölskyldufyrirtæki í heilbrigðum

rekstri sem byggður er á traustum
grunni. Væntanlega mun umhverfi-
ð breytast með tækni og breyttum
neysluvenjum en mikilvægast er að
fylgjast vel með þróun og tileinka
sér það sem það býður upp á hverju
sinni. Við njótum þess að vera í
Hveragerði þar sem framleiðslan
byggir á jarðgufu, grænni orku
og hreinu vatni. Aðstöðu sem við
erum öfunduð af um allan heim.

*Hvers konar stjórnunarmátt hefur
útdráttur þér og hvers vegna?*

Kjöriss er 50 ára í ár og stofnað
af föður mínum, Hafsteini Krist-
inssyni. Hann var frumkvöðull
í mjólkuriðnaði og byrjaði með
ostagerð 1966, á undan ísnum.
Hann dó fyrir aldur fram 59 ára
árið 1993 og tók systir mín, Guð-
rún, þá við stjórn í eitt ár áður en
ég kom til starfa að fullu. Pabbi var
leiðtogi og fékk fólk í lið með sér og
innrætti okkur börnunum sínum
þann hugsunarhátt. Við ólumst
upp við að ganga í öll störf, m.a.
keyra ísblöndu í Eden um helgar

og gera það sem þurfti til að hlutir
gengju. Mínir stjórnarmáttir ganga
út á að vera mannlegur og alltaf
með opnar dyr fyrir alla. Ég reyni
að hlusta á starfsfólk og viðskipta-
vini, lesa aðstæður og nýta það
til að bæta okkur á öllum sviðum
og með hæfilegu magni af Excel-
skjólum.

*Ef þú þyrftir velja allt annan
starfsframa, hver yrði hann?*

Þar sem helstu áhugamálin hafa
verið í kringum íþróttir og útivist
þá hef ég grun um að hugurinn gæti
leitað þangað. Með öllum ferða-
mönnum til Íslands þá gæti ég
hæglega nýtt óeðlilega fróðleiks-
fýsni landafræði og sögu í að miðla
því til ferðamanna. Ég held ég gæti
verið ansi góður leiðsögumaður.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Eftir 10 ár verð ég vonandi enn að
borða ís, hvort sem ég verð í mínu
starfi eða einhvers staðar á kant-
inum. Ég verð örugglega skokkandi
um fjöllin og að njóta lífsins með
fjölskyldu minni og vinum.

Tekjur Örnju jukust um fjórðung

Mjólkurvinnslan Arna í Bolungar-
vík hagnaðist um liðlega sjö milljón-
króna á síðasta ári, samkvæmt
nýlegum ársreikningi félagsins,
borið saman við fimmtán milljóna
króna hagnað árið 2017.

Rekstrartekjur Örnju, sem sér-
hæfir sig í framleiðslu á laktósafrí-
um mjólkurvörum, námu rúmum
1.052 milljónum króna á síðasta ári
og jukust um 23 prósent frá fyrra
ári þegar þær voru alls 858 milljónir
króna en þær hafa vaxið ört frá því
að framleiðsla hófst á haustdögum
2013..

EBITDA mjólkurvinnslunnar –
afkoma fyrir afskriftir, fjármagns-
liði og skatta – var jákvæð um 51
milljón króna í fyrra en til saman-
burðar var hún jákvæð um 53 milljónir
króna árið 2017.

Arna átti eignir upp á tæplega 409
milljónir króna í lok síðasta árs en á
sama tíma var eigið fé félagsins 116
milljónir króna og eiginfjárhlut-
fallið því um 28 prósent.



Tekjur Örnju hafa vaxið hratt frá því að framleiðsla hófst 2013. Þær voru 1.052 milljónir í fyrra og jukust um fjórðung á milli ára. FRÉTTAFLAÐIÐ/ERNIR

Ársverk mjólkurvinnslunnar voru 21 talsins í fyrra, borið saman
við 18 árið áður, og námu laun og
annar starfsmannakostnaður hennar
samanlagt 169 milljónum króna.
Dvorzak Ísland, sem er í eigu

fjárfestisins Jóns von Tetzchner,
er stærsti hluthafi Örnju með rif-
lega helmingshlut en stofnandi
og framkvæmdastjóri Hálfdán
Óskarsson er sá næststærsti með
fimmtán prósent hlut. – kj

Jakob Valgeir hagnaðist um tvo milljarða í fyrra

Hagnaður útgerðarfyrtækisins Jak-
obs Valgeirs nam ríflega 14 milljón-
um evra, jafnvirði tveggja milljarða
króna, á síðasta ári og nær ellefu-
faldadist frá fyrra ári þegar hann var
um 1,3 milljónir evra.

Hagnaður síðasta árs skýrist að
mestu af söluhagnaði hlutabréfa
upp á samanlagt 11,9 milljónir evra,
tæplega 1,7 milljarða króna, að því
er fram kemur í nýjum ársreikningi
útgerðarinnar.

Rekstrartekjur Jakobs Valgeirs
námu 26,9 milljónum evra, sem jafn-
gildir 3,8 milljónum króna, á síðasta
ári og jukust um 13,5 prósent eða 3,2
milljónir evra frá fyrra ári.

Þá var rekstrarhagnaður útgerð-
arinnar tæplega 3,5 milljónir evra í
fyrra borið saman við 3,3 milljónir
evra árið 2017 en framlegð minnkadi
hins vegar um 500 þúsund evrur á
milli ára og var tæpar 4,7 milljónir
evra á síðasta ári.

1,7
milljarðar króna var sölu-
hagnaður Jakobs Valgeirs af
hlutabréfum í fyrra.

Samkvæmt efnahagsreikningi
Jakobs Valgeirs námu eignir útgerð-
arinnar liðlega 91,6 milljónum evra,
jafnvirði 12,9 milljarða króna, í lok
síðasta árs en á sama tíma var eigið
fé þess 29 milljónir evra og eiginfjár-
hlutfallið því um 32 prósent.

Stærsti hluthafi útgerðarinnar
er félagið F84, sem er í eigu Bjargar
Hildar Daðadóttur, eiginkonu
Jakobs Valgeirs Flosasonar fram-
kvæmdastjóra, með 47 prósent hlut
en Flosi Valgeir Jakobsson, faðir
Jakobs Valgeirs, fer með 36 prósent
hlut í útgerðarfyrtækini. – kj

Leggjum grunn að næsta góðæri



Brynjólfur Stefánsson sjóðstjóri hjá Íslandssjóðum

Greinendur eru sam- mála um að eftir góðæri síðustu ára séu töluverðar líkur á að nú hægist á hagkerfinu. Til að bregðast við þeirri þróun gæti verið skynsamlegt að huga að uppbyggingu fyrir næstu uppsveiflu með því að fjárfesta í innviðum, svo sem samgöngumannvirkjum eða flutningskerfum raforku. Innviða- uppbygging hjálpar okkur að mæta þeim áskorunum sem felast í samfélagsbreytingum og umhverfis- og efnahagsþróun komandi missera.

Landsframleiðsla mun að öllum líkindum dragast saman á þessu ári, bæði vegna fækkunar ferðamanna og loðnubrests. Ólíkt fyrri niðursveiflum er ekki gert ráð fyrir að

nú fylgi gengisfall krónunnar með tilheyrandi verðbólgu og vaxta- hækkingunum. Þvert á móti ættum við að geta tekist á við viðsnúninginn með vaxtalækkingunum þar sem stóðir hagkerfisins eru sterkari en áður. Tilkoma ferðaþjónustunnar og jákvæð erlend staða þjóðar- búsins hefur aukið viðnámsþrótt hagkerfisins töluvert. Jafnframt var jákvæð hagþróun síðustu ára ekki keyrð áfram af skuldasköfnun heimila eða hins opinbera eins og þekkist frá fyrri tíð.

Þó að þjóðfélagið sé á margan hátt vel búit undir niðursveiflu þá eru ýmsir óvissuþættir sem þarf að huga að. Samdráttur í ferðaþjónustu getur til dæmis orðið meiri en búist er við og í ljósi þess hve atvinnugreinin er stór hluti hagkerfisins getur það haft alvarlegar afleiðingar. Jafnframt eru blíkur á lofti hjá okkur stærstu viðskiptaþjóðum, sem hæglega getur haft áhrif á okkur. Því gæti niðursveiflan orðið dýpri en spár gera ráð fyrir.

Ríkisstjórn Íslands hefur meðal annars brugðist við þessum fyrir- boðum um lakari efnahagshorfur með því að kalla á endurskoðun fjármálastefnunnar. Með minni

Aðkoma fjárfesta gerir okkur þannig kleift að fara í framkvæmdir sem að öðrum kosti þyrftu að bíða í ár eða áratugi eftir að komast á dagskrá ríkis eða sveitarfélaga.

það að verkum að fjárfestingaþörf sameiginlegra sjóða okkar hefur aukist jafnt og þétt.

Sögulega hefur stór hluti fjárfestinga lífeyrissjóðanna farið í ríkisskuldabréf sem hafa gefið góða verðtryggða ávöxtun. Það hefur skapað grundvöll fyrir því að sjóðirnir hafa skilað ávöxtun umfram lögbundin 3,5% viðmið. Mikil eftirspurn eftir ríkisbréfum og takmarkað framboð, meðal annars vegna þess að ríkið hefur greitt niður skuldir á undanföllum árum, ásamt vaxtalækkingunum hefur valdið því að ávöxtunarkrafa þessara fjárfestingarkosta hefur lækkað mikið. Því er líklegt að lífeyrissjóðirnir þurfi að leita á önnur mið en í ríkisskuldabréf til að fá ásættanlega ávöxtun þegar fram líða stundir.

umsvifum í þjóðfélaginu munu skatttekjur minnka samhliða auknum kostnaði vegna atvinnuleysis. Því getur verið óumflýjanlegt að draga úr ríkisútgjöldum og fresta fyrirhuguðum skattalækkingum.

Sparnaður landsmanna hefur aukist töluvert á síðustu árum, ekki síst vegna breytinga á greiðslum almennings í lífeyriskerfið. Sú staðreynd ásamt ágætis ávöxtun á fjárfestingum síðustu ára hefur gert

leiða til að fjármagna uppbyggingu innviða. Í því samhengi er samstarf einkageirans og opinberra aðila fyrirkomulag sem getur hentað vel, ekki ósvipað því sem var mótað til að grafa og síðar afhenda Hval- fjarðargöngin.

Fjármagna mætti stór verkefni með aðkomu einkaaðila. Slíkar framkvæmdir henta vel þeim fjárfestum sem fjárfesta til langs tíma og gera kröfu um að ávöxtun fylgi verðlagi.

Aðkoma fjárfesta gerir okkur þannig kleift að fara í framkvæmdir sem að öðrum kosti þyrftu að bíða í ár eða áratugi eftir að komast á dagskrá ríkis eða sveitarfélaga. Nefna má uppbyggingu hleðslustöðva, sem er forsenda orkuskipta í samgöngum, og stór samgönguverkefni eins og Sundabrat. Þannig mætti fara í auknar fjárfestingar til að takast á við komandi tækni- og umhverfisþróun og byggja jafnframt undir hagvöxt framtíðarinnar.

Þetta eru verkefni sem ekki einungis myndu koma hagkerfinu vel heldur myndu auka lífsgæði í landinu almennt. Þannig leggjum við grunn að næsta góðæri.

Vélræn þekkingarsköpun



Brynjólfur Borgar Jónsson stofnandi Data Lab Ísland

Tæknin sem gerir tölvum kleift að læra án þess að hönd forritarans komi nærri er kölluð vélræn nám eða vélræn (e. machine learning). Hugmyndin hefur verið með okkur í meira en hálföld en er nú fyrst að koma fram sem hagnýt tækni. Afurð vélræns náms má kalla vélræna þekkingu sem fræðimenn, frumkvöðlar og fyrirtæki keppast nú við að skilja, beisla og hagnýta. Orðið gervigreind virðist nú vera að festa sig í sessi sem almennt heiti á þessari tækni.

Þælum aðeins í hugtakinu vélræn þekking.

Okkur mönnum er tamt að reyna að átta okkur á hlutunum með því að skoða heiminn, víða að okkur upplýsingum og leggja mat á þær.

Svo komumst við að niðurstöðu, tókum jafnvel ákvörðun. Eftir að tölvur komu fram gátum við matað þær með uppsafnaðri þekkingu okkar í formi reglna. Forritarar sögðu tölvunum að ef A þá B, ef C þá D o.s.frv. Sumt áttum við alltaf erfitt með að kenna tölvum því við vorum ekki búnar að átta okkur nógu vel á reglunum og gátum því ekki matað tölvurnar með þeim. Tölvurnar voru til dæmis góðar í að reikna því þar eru reglurnar skýrar en þær höfðu ekki roð við okkur mönnum þegar kom að snúnari verkefnum eins og að „skilja“ talað mál eða „þekkja“ andlit á mynd. Þar voru reglurnar ekki nægilega vel þekktar.

Nú geta tölvur sem sagt lært slíkar reglur á grundvelli þeirra gagna sem þær eru mataðar með. Kosturinn við þá aðferð er að tölvur getur lært mun fleiri og fjölbreyttari reglur en forritari getur komist yfir eða hugkvæmt að forrita. Það þýðir að vélræn er margfalt öflugri aðferð til að kenna tölvum en eldri aðferðin. Nýja aðferðin fer á hraða tölvunnar og er ekki takmörkuð við reglur sem við menn höfum fundið upp.



Þess vegna og einnig vegna stóraukinnar gagnasöfnunar og almennrar tækniþróunar geta tölvur sem hagnýta vélræn gert miklu meira en áður, jafnvel svo mikið að okkur er farið að þykja nógu um. Vélræn þekking hleðst upp í gagnaverum heimsins og tölvur eru farnar að taka yfir verkefni sem við menn gátum einir leyst og kröfðust jafnvel sérfræðiþekkingar.

Því má segja að vélræn hafi nú gert hlutverk mannsins í framleiðslu þekkingar aðeins veigaminna.

Og rétt eins og vöðvaflíð keppir ekki við vélarflíð þá er erfitt fyrir mannshugann að keppa við þessa námsaðferð við kjöraðstæður hennar – skýr markmið og nógv af gögnum. Það mætti fara að tala um hefðbundna þekkingarsköpun og

Fyrirtæki í fremstu röð munu smám saman verða drifin áfram af ótal ákvörðunum sem byggja á vélrænni þekkingu.

vélræna þekkingarsköpun. Mjög ólíkar aðferðir en afurðin getur verið mjög svipuð, þ.e. ákvörðun sem virðist krefjast einhvers konar þekkingar, jafnvel vitsmuna.

Fyrirtæki í fremstu röð munu smám saman verða drifin áfram af ótal ákvörðunum sem byggja á vélrænni þekkingu. Þessi nýja kynslóð fyrirtækja hefur þegar rutt sér til rúms í hverjum bransanum á fætur öðrum og valtað yfir fyrirtæki sem eru með annan eða jafnvel báða fætur á 20. öldinni. Þau beita nýrri tækni, hagnýta meðal annars vélræna þekkingu, og viðskiptamódel þeirra og skipulag virðist henta samtímanum afar vel.

Þau eru fulltrúar þess sem koma skal. Fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Alltaf til taks

Algjörlega hnökralaust

Vodafone hentar mínum rekstri best. Þau hafa þjónustað okkur með allt sem þarf, algjörlega hnökralaust.

Nánar á vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

vodafone
fyrirtæki



DIRTY
BURGER
& RIBS

SUMMAR TILBOÐ



OSTBORGARI
+ FRANSKAR + GOS

1490 KR

GILDIR LÍKA FYRIR PULLED PORK, VEGAN OG KJÚLLABORGARA

200 G BEIKONBORGARI
FRANSKAR + GOS

1990 KR

FJÖL-
SKYLDU
TILBOÐ

2 OSTBORGARAR
+ 2 BARNAMÁLTÍÐIR
+ STÓR FRANSKAR + 2L GOS

3990 KR

DIRTY
BURGER
& RIBS

MIKLUBRAUT + GNOÐAVOGI
(GILDIR EKKI Á AUSTURSTRÆTI)



Stjórnar- maðurinn



Fuglinn Fönix

Opinbert er nú að tveir hópar hið minnsta hyggja á stofnun flugfélags á rústum WOW air. Annar hópurinn hefur keypt eignir úr þrotabúi WOW, en hinn er meðal annarra skipaður gömlum stjórnendum flugfélagsins.

Tíminn mun leiða í ljós hvort báðum takist ætlunarverkið. Flest bendir þó til þess að tilraunir Oasis Aviation Group, sem er í eigu bandarísku kaup-sýslukonunnar Michele Ballarin, séu trúverðugar. Félagið hefur að minnsta kosti lagt til þá fjármuni sem til þarf til að kaupa eignir WOW, en slíkt gerir fólk varla nema gamninu fylgi alvara. Þá hefur WAB Air sótt um flugrekstrarleyfi og forsvarsmenn þess hljóma kokhraustir í fjölmiðlum.

Flest bendir því til þess að hér verði starfrækt eitt lággjaldaflugfélag hið minnsta sem vonandi mun veita Ícelandair verðuga samkeppni. Auðvitað er það lífsspursmál fyrir neytendur að hér bjóðist annar valkostur en Ícelandair. Hver einasti landsmaður hefur fundið fyrir brotthvarfi WOW, og landsmenn orðið ápreifanlega varir við það hversu mikið lífsspursmál flugsamgöngur á viðráðanlegu verði eru fyrir eyjar-skeggja.

Mestur akkur væri þó auðvitað í nýju flugfélagi fyrir hagkerfið í heild. Aukið framboð flugsæta þýðir auðvitað ekki annað en aukinn fjöldi ferðamanna. Nýtt flugfélag myndi flýta fyrir því að landið taki að risa á ný eftir brot-lendingu WOW.

Hvað Ícelandair varðar er augljóst að markaðurinn telur nýtt flugfélag til válegra tíðinda. Bréf í Ícelandair hafa enda lækkað skarpt eftir að fréttir tóku að berast af nýjum keppinautum. Ícelandair hefur þó reynt að senda jákvæð merki út á markaðinn. Nú síðast enn eina tilkynninguna um sölu hótela félagsins, en kaup-samningur virðist þó háður fjölda fyrirvara.

Meira virðist þurfa til svo að markaðurinn öðlist tiltrú á Ícelandair. Eins og svo mörg flaggskipsflugfélög glímir félagið við fortíðarvanda, til dæmis hvað launakostnað varðar, sem varla verður bætt úr með neinum kattarþvotti.

Eitt er vist. Flugsaga Íslands hefur hvergi nærri verið skrifuð.



Skaginn hagnast um 400 milljónir

Hátæknifyrirtækið Skaginn, sem þróar, framleiðir og selur tækjabúnað fyrir matvælaíðnaðinn, hagnaðist um 397 milljónir króna á síðasta ári en til samanburðar var hagnaður fyrirtækisins 340 milljónir á árinu 2017.

Tekjur Skagans námu 8,1 milljarði og jukust um 2,4 milljarða á milli ára. Skaginn er hluti af samstæðunni Skaginn 3X ásamt 3X Technology, og Þorgeir & Ellert. Eigendur samstæðunnar eru Ingólfur Árnason,



Ingólfur Árnason, eigandi Skagans.

stofnandi Skagans, og eiginkona hans en Ingólfur sagði í viðtali við Markaðinn í sumar að samanlagðar tekjur yrðu tíu milljarðar króna á þessu ári.

Skaginn 3X er með um 300 starfsmenn. Þar af starfa um 200 á Akranesi, um 70 á Ísafirði en aðrir eru í Reykjavík. Stjórn Skagans hefur lagt til að á þessu ári verði allt að 390 milljónir króna greiddar í arð til hluthafa. – tñh

13.07.2019



Hlutverk mitt er að skapa réttar aðstæður – passa að ríkið sé ekki fyrir. Kæfandi umsvif hins opinbera skila engu.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra dómsmála, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar



Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?

BÓKHALD | LAUN | SKATTUR | RÁÐGJÖF

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðisþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



Til sölu



AUGLÝSING UM SKIPULAG - VESTMANNAEYJABÆR

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum þann 11. júlí 2019 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði AT-1 sbr. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir austurhluta athafnasvæðis AT-1. Skipulagssvæðið afmarkast af Heiðarvegi til austurs, Norðursundi og aðliggjandi deiliskipulagsmörkum til norðurs, Flötum og lóðamörkum Heiðarvegur 14 og Faxastígs 36 til vesturs og Faxastíg til suðurs. Deiliskipulagssvæðið er um 2,7 ha að stærð. Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdrætti í mkv 1:1000, dags. 8. júlí 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningar-gagna.

Tillagan verður til sýnis hjá umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 17. júlí 2019 til og með 28. ágúst 2019. Tillagan verður einnig birt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjabær.is undir Skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 28. ágúst í afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5, eða á netfangið bygg@vestmannaeyjar.is

17. júlí 2019
Skipulagsfulltrúi Vestmannaeyja

AUGLÝSING UM SKIPULAGSLÝSINGU

Hraun-vestur, milli Reykjavíkurvegur, Fjarðarhrauns og Flatahrauns – breytt landnotkun og þétting byggðar, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 26. 06. 2018 var eftirfarandi bókun gerð: *Skipulagslýsing vegna breytingar á aðal-skipulagi Hafnarfjarðar 2013–2025 á reit sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flatahrauni, sem var samþykkt í bæjarstjórn 23.05. 2018 og í skipulags- og byggingarráði 30.04. 2018, hefur verið send Skipulagsstofnun til umsagnar. Umsögn Skipulagsstofnunar lögð fram ásamt lagfærðri skipulagslýsingu.*

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að senda framlagða lýsingu í auglýsingu. Máls-meðferð verði í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þegar vinna við tillögu að breytingu á aðalskipulagi hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsinguna má nálgast á www.hafnarfjordur.is og skulu skriflegar ábendingar berast þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði eða á: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is eigi síðar en 14. ágúst 2019. Ábendingar skulu merktar „Aðalskipulag - Hraun vestur“ og skal nafn, kennitala og heimilisfang koma fram.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is



SKIPULAGSMÁL Í DJÚPAVOGSHREPPI BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 – 2020

Djúpvogur - efsti hluti Borgarlands og færsla á vegtengingu milli Borgarlands og Víkurlands.

Sveitarstjórn Djúpvogshrepps samþykkti þann 13. júní 2019 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Djúpvogshrepps 2008 - 2020 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að íbúðarsvæði sunnan Borgarlands er stækkað um 0,1 ha til vesturs þar sem nú er óbyggt svæði. Auk þess er vegtenging milli Borgarlands og Víkurlands færð til austurs og samfara því verður aðkoma að Melum fjarlægð. Einnig verður botnlangi Borgarlands við Klif færður vestur um 60 m. Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 31. maí 2019 í mkv. 1:5.000.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

Skipulagsfulltrúi Djúpvogshrepps

Parftu
að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

SKIPULAGSBREYTING ÖLDUTÚN 4

Bæjarráð Hafnarfjarðar, í umboði bæjarstjórnar, samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Öldutún 4 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða grenndarkynna tillöguna skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að byggingareitur bílskúrs er stækkaður úr 35 m² í 45,2 m² og hæð hans aukin úr 3,2 m í 3,5 m. Breytingarnar eru auglýstar og grenndarkynntar frá 16.07. - 27.08.2019. Tillögurnar verða til sýnis á www.hafnarfjordur.is, í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 27. ágúst nk.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbæð, litun og plokun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímamantanir í s. 789 3031 • snyrtignuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Forsætisráðuneytið - Lögfræðingur á sviði upplýsingaréttar

capacent Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu löggjafarmála til að gegna starfi ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Umsóknarfrestur
29. júlí 2019

Upplýsingar og umsókn
capacent.com

Félagspjónusta Stranda- og Reykhóla - FÉLAGSMÁLASTJÓRI



Félagspjónusta Stranda- og Reykhóla auglýsa lausa til umsóknar stöðu félagsmálastjóra frá 1. september 2019.

Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst

Geðhjálp - Framkvæmdastjóri Geðhjálpar

intellecta Félagið Geðhjálp óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn félagsins. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.intellecta.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1751 Innréttingarnar, hlutafélag um eflingu iðnaðar á Íslandi, eru stofnaðar á Þingvöllum að frumkvæði Skúla Magnússonar landfógeta.

1762 Katrín 2. verður einvaldur í Rússlandi eftir að Pétur 3. var ráðinn af dögum.

1930 Þýska loftskipið Graf Zeppelin kemur til Íslands og flýgur yfir alla suðurströnd landsins.



1932 Á Skólavörðuholti í Reykjavík er afhjúpuð stytta af **Leif heppna Eiríkssyni**. Stytta er gjöf Bandaríkjamanna til Íslendinga í tilefni af þúsund ára afmæli Alþingis árið 1930.

1945 Potsdam-ráðstefnan hefst. Þar hittast Harry S. Truman Bandaríkjaforseti,

Jósef Stalín, leiðtogi Sovétríkjanna, og Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands.

1946 Fyrsti landsleikur Íslands í knattspyrnu er leikinn í Reykjavík. Hann er gegn Dönum sem sigra, 3:0.

1969 Bing Crosby, leikari og söngvari, kemur til Íslands og dvelur í nokkra daga við laxveiðar.



Sonur minn og bróðir,
Pálmi Freyr Óskarrson

lést á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum sunnudaginn 7. júlí. Útför fer fram frá Landakirkju föstudaginn 19. júlí kl. 14.00

Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbavörn Vestmannaeyjum.

Óskar Jakob Sigurðsson
Matthildur Eiríksdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Aðalsteinn Davíðsson
kennari,

lést sunnudaginn 14. júlí á hjúkunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ. Minningarathöfn verður haldin í Kópavogskirkju, föstudaginn 19. júlí klukkan 13.

Bergljót Gyða Helgadóttir
Davíð Aðalsteinsson
Helgi Aðalsteinsson
Porsteinn Aðalsteinsson
Pamela Schultz
Joohee Hong
Randi W. Stebbins
og barnabörn.



Ástkær sonur okkar og bróðir,
Albert Ísleifsson

lést þriðjudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 19. júlí kl. 13.00

Ísleifur Ástþórsson
Sigrún Ólöf Sigurðardóttir
Ástþór Eydal Ísleifsson
Ingbór Sigurður Ísleifsson
Bjarki Ísleifsson



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall móður okkar og tengdamóður,

Evu H. Ragnarsdóttir

Greta Öunduradóttir
Ásgeir Öunduráson
Ragnar Öunduráson
Páll Torfi Öunduráson
Páll Halldórsson
Riszikiya Hasansdóttir
Áslaug Þorgeirsdóttir
Kristín Hanna Hannesdóttir



Sjöfn kveðst ekki sjá eftir einum degi sem hún hefur varið í stéttabaráttu um ævina. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Tel mig lánsama að geta horft til beggja heima

Sjöfn Ingólfssdóttir, forystukona í verkalýðshreyfingunni til margra ára, fagnar áttæðisafmæli í Kaupmannahöfn með börnum og barnabörnum, enda fædd undir dönskum kóngi, en hún sleppir rússíbananum í Tivoliinu þótt sumir í hópnunum ætli í öll tækin.

Ég er hérna undir rússíbananum og ætla að finna mér aðeins hljóðlátari stað," segir Sjöfn Ingólfssdóttir þegar ég hringi. Spurð hvort hún sé búin að fá sér salíbunu svarar hún: „Nei, ég fór í rússíbana fyrir mörgum árum í Árósum og hét því að gera það aldrei aftur. En nú er ég komin með dóttur minni inn í lítið hús með þaki og sest á bekk. Erum hér átta saman og týndum nokkrum sem ætla í öll tæki. Það vantar aðeins eina litla fjölskyldu sem ég vildi að hefði verið með okkur en hún komst því miður ekki.“

Sjöfn er sem sagt stödd í Tivoliinu í Kaupmannahöfn og nýtur lífsins. Það á vel við að hún fagni áttæðisafmæli í Danmörku, enda fæddist hún undir dönskum kóngi, eins og hún orðar það sjálf. Stórafælið gefur tilefni til að forvitnast aðeins um lífsgöngu hennar til þessa. Fyrst upprunann. „Ég segist alltaf vera Húnvetningur en er fædd í Reykjavík, á fæðingarheimilinu á Eiríksgötu, hjá Helgu Nielsdóttur ljósmóður. Þar fæddust líka þau tvö börn sem ég ól í heiminn ansi mörgum árum seinna. En níu mánaða gömul fór ég með móður minni norður í Húnnavatnssýslu og ólst upp í Sólheimum í þáverandi Svínaveitnshreppi. Þar var ég hjá ömmu og afa, Sigurlaugu Hansdóttur og Þorleifi Ingvarssyni sem ég kallaði aldrei annað en mömmu og pabba, en móðir mín, Lára Guðmundsdóttir, og stjúpaðir, Sveinbjörn Jónsson, bjuggu alla tíð á Blönduósi og þar fæddust hálf systkini mín. Ég er rík af hálf systkinum og föstursystkinum," segir hún.



Eftir að hafa unnið í fiski, keyrt vörubíl og gert það sem til féll, fékk ég vinnu í Borgarbókasafninu og það er besta og skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið.

Þó Sjöfn hafi ekki hitt móður sína og systkini daglega í uppvextinum segir hún hafa verið mikinn samgang milli heimilanna og hún hafi notið þess besta á báðum stöðum. „Ég var dekrúð í Sólheimum og svo var ég elsta barnið þegar ég fór á Blönduós, það var mikill titill að bera. Ég átti bara dásamlega æsku. Ólst upp við venjubundin sveita-störf sem öll voru unnin með höndum. Ég er auðvitað búin að lifa tímana tvenna þó mér finnist ég ekki vera neitt afgömul en ég tel mig lánsama að geta horft til beggja heima.“

Sjöfn er fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og varaformaður BSRB, fulltrúi launafólks í nefndum og ráðum. Spurð hvort hún hafi snemma orðið stéttvís svarar hún: „Ég veit það ekki. Pabbi Þorleifur var Framsóknarmaður af gömlu gerðinni, þeirri framfarasinuðu stétt sem stofnaði kaupfélög og var félagslega sinnuð. Hann var mjög vinnusamur, var mikill talsmaður þess að fólk létti hvað undir með öðru og það var ofboðslega

gaman að vinna með honum. En ég fór ung að heiman, var í gagnfræðaskóla á Saudárkróki og flutti til Reykjavíkur fljótlega upp úr því. Þar fór ég fljótt að fylgjast með því sem vinstra fólk sagði og skrifaði, skræði mig í Alþýðubandalagið og síðan Vinstri græna.“

Smám saman kveðst Sjöfn hafa farið að skipta sér af verkalýðsmálum. „Eftir að hafa unnið í fiski, keyrt vörubíl og gert það sem til féll, fékk ég vinnu í Borgarbókasafninu og það er besta og skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið. Þar gerðist ég bókaforstjóri af lífi og sál, fór á öll námskeið sem ég gat og varð fljótlega trúnaðarmaður fyrir starfsmenn. Svo vatt það upp á sig og allt í einu var ég komin inn í fulltrúaráð og síðan stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Í tímans rás varð ég formaður og var það í ansi mörg ár og þá um leið varaformaður BSRB, vann þar lengst og best með Kristjáni Thorlacius og Ógmundi Jónassyni. Þetta var góður tími og skemmtilegur. Ég sé ekki eftir einum degi.“

Aldreí kveðst Sjöfn hafa farið í framboð til Alþingis. „Það var ekki takmarkið," segir hún. „En ég hef unnið mikið fyrir Vinstri græna, verið svona í snúnungum. Við Sigríður heitin Kristinsdóttir áttum oft heiðurinn af því að klósettin voru hrein og nóg af kaffi á könnunni. Vorum líka góðar í vöflunum.“

Nú á Sjöfn heima í Mörkinni og kveðst njóta lífsins eins og aðrir sem þar búi. „Ég hef átt góða ævi," segir hún. „Ekki síst fyrir það að ég hef verið heilsuhaust og eignast góða vini.“

gun@frettabladid.is



NÝTT
Laktósafrir



emmessis

2019



LURKAR



with
skyr
and organic berries

rjóminn af sumrinu



emmessis.is

 **emmessis**

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 12°C 2°C ↓	Ísafjörður 14°C 4°C ↓	Akureyri 16°C 2°C ↓
Egilsstaðir 12°C 4°C ↓	Kirkjubæjarkl. 12°C 4°C ↓	Hveravellir 12°C 2°C ↓

Austan 3-10 m/s og rigning með köflum í dag, en skúrir SV-til á landinu. Norðlægarí á morgun og dálítill rigning austanlands. Skúrir í öðrum landshlutum, einkum síðdegis, en úrkomulítið á Vestfjörðum og Breiðafirði. Hiti við 12 til 18 stig, en 8 til 12 stig við austurströndina.

Fimmtudagur

Reykjavík 17°C 4°C ↓	Ísafjörður 12°C 4°C ↓	Akureyri 11°C 2°C ↓
Egilsstaðir 9°C 6°C ↓	Kirkjubæjarkl. 14°C 2°C ↑	Hveravellir 9°C 7°C ↓

Föstudagur

Reykjavík 17°C 3°C ↓	Ísafjörður 9°C 4°C ↓	Akureyri 9°C 2°C ↓
Egilsstaðir 9°C 4°C ↓	Kirkjubæjarkl. 13°C 2°C ↓	Hveravellir 11°C 7°C ↓

LÉTT

6	2		4	5		1
1		4	6		2	9
	7	8	9			
	8		1		9	6
9						7
	4	1		9	5	2
		3				
7				4	6	
	5		2	1	7	3

MIDLUNGS

		2			8	3	6	
					3	9		7
1			9	2				
7				6		8		
		8	4				7	
6	1			8			3	5
						6	4	
5		3					8	9
4			3					

PUNG

			4	8				3	7
								4	2
		9						5	
					1	9	7		3
	7			4			6		
3	4	1			6	2			
	2				5				
	1	9			7			6	8
7		3							

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- Hvatning
 - Stilla
 - Möndull
 - Liffæra
 - Utan
 - Hjör
 - Þófta
 - Sæla
 - Veidarfæri
 - Skrapa
- LÓDRÉTT**
- Gjafmildur
 - Sefun
 - Ofliðið
 - Aurasál
 - Ísótópur
 - Rifa
 - Óregla
 - Tangi
 - Hvort


1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 rúvun, 5 róa, 6 ás, 8 lungna, 10 án, 11 samseta, 9 glienna, 12 sukk, 14 nes, 16 ef.
LÓDRÉTT: 1 örliátur, 2 roun, 5 van, 4 nános, 7 löm, 12 sess, 13 unnu, 15 reknet, 17 skafar.

Skák Gunnar Björnsson

Dikchit átti leik gegn Kali-anasoundaram í Indlandi 1961.

Hvítur á leik




1. Bc2+! Kg2 2. Hf8+! Hxf8 3. Bb3+! 1-0. Í gær hófst minningarmót um Tal í Riga. Tefld er at- og hraðskák. Meðal keppenda er stórmeistarinn Helgi Áss Grétarsson. Hannes Hlífar Stefánsson er í miklum jafnteflisgr á alþjóðlega mótinu í Leiden í Hollandi. Hefur gert jafntefli í fjórum fyrstu umferðunum.
www.skak.is: Hraðskákmót í Stofunni í kvöld. Opíð öllum.

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5
3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9
3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ítalskar gæðavörur

169 kr./425 g
Himneskt Maukaðir tómatar
Himneskt Tómatpassata
Lífrænir tómatar, 425 g

798 kr./500 ml
Himneskt Jómfrúar Ólífuolía
Kaldpressuð, lífræn, 500 ml

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Rúllandi snjóbolti laðar til sín gesti

Enn hefur Bræðslunni á Djúpavogi verið breytt í vettvang stórrar, alþjóðlegrar samtímalistsýningar. Sýningin Rúllandi snjóbolti / 12, var opnuð þar um síðustu helgi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hátt á annað hundrad manns voru viðstödd opnunina og við erum í skýjunum," segir Bryndís Reynisdóttir, menningarmálafulltrúi á Djúpavogi, um sýninguna Rúllandi snjóbolti / 12. Hún segir forkölfana Ineke og Sigurð Guðmundsson myndlistarmann og starfsfólk Chinese European Art Center (CEAC) hafa unnið baki brotnu að uppsetningu hennar, ásamt Þór Vigfússyni listamanni. Svo taka allir bæjarbúar taka þátt, starfsfólk sveitarfélagsins, börnin í bæjarvinnunni, kvenfélagskonurnar ... það leggjast allir á eitt við að gera þennan dag sem glæsilegastan."

Listamenn sem taka þátt eru:

Axis Art project, Eva Ísleifs, Eygló Harðardóttir, Guðrún Benónýsdóttir, Halldór Ásgeirsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Jin Jing, Jos Houweling, Kjartan Ari Pétursson, Kristján Guðmundsson, Lilja Birgisdóttir, Liu Yuanyuan, Luuk Schröder, Marianne Lammersen, Marjan Teeuwen, Meiya Lin, Nanda Runge, Nick Renshaw, Örn Alexander Ámundason, Rakel McMahon, Styrmir Örn Guðmundsson, Twan Janssen, Una Margrét Árnadóttir og Yan Jian.

Alls taka 24 listamenn frá Íslandi, öðrum Evrópulöndum og Asíu þátt í sýningunni sem er skipulögð af CEAC og er samstarfsverkefni þeirrar stofnunar og Djúpavogshrepps. Hún er meðal stærstu samtímalistsýninga á Íslandi. Spurð hvort eitthvert verk þar vekti athygli umfram annað svarar Bryndís: „Það er erfitt að velja eitthvað eitt, þau eru hvert öðru glæsilegra og vekja öll athygli og umræðu.“

Bryndís segir sýninguna opna alla daga til 8. ágúst frá 11-16 og eflaust eigi margir eftir að koma þar við enda ókeypis inn. „Hér er mikið renneri ferðamanna og Bræðslan er við smábátabyggjuna eins og egginn hans Sigurðar Guðmundssonar. Við höfum ekki nákvæmar tölur um fjölda gesta síðustu ár en viljum meina að um 8.000 manns hafi séð sýningarnar.“



Eygló Harðardóttir, myndlistarmaður ársins, er meðal sýnenda. MYNDIR/BRYNDÍS REYNISDÓTTIR



Kristján Guðmundsson og verkið hans.



Nick Renshaw er maðurinn bak við þetta verk.



Stephen Jenkinson kemur fram í lönó, ásamt hljómsveit sinni. Það er fyrsta gíggjó af þremur.

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Miðvikudagur**

hvar@frettabladid.is

17. JÚLÍ 2019

Ganga

Hvað? Píanótónleikar

Hvenær? 21.00
Hvar? Norræna húsið
Hinn sænski Mattias Nilsson leikur, hann hefur sinn eigin tónblæ og áslátt.

Tónlist

Hvað? Hádegistónleikar Schola cantorum
Hvenær? 12.00
Hvar? Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Á efnisskrá tónleikanna má finna íslenskar og erlendar kórperlur. Miðaverð er 2.700 krónur.

Hvað? Tónlist og sögur
Hvenær? 20.00
Hvar? Lönó við Tjörnina

Stephen Jenkinson, rithöfundur, bóndi, kennari, sagna- og tónlistarmaður frá Kanada, kemur fram ásamt hljómsveit sinni.

Hvað: Kóngasveifla / Jazz með útsýni
Hvenær: 21.00
Hvar: Múlinn, jazzklúbbur, Björtuloftum í Hörpu
Í tríóinu Kóngasveiflu eru Ómar Guðjónsson á gítar, Tómas R. Einarsson á bassa og Sigtryggur Baldursson á kóngatrommur. Þeir leika sér að fjölbreytilegri sveiflutónlist, frumsaminni og aðfenginni. Björtuloft eru á 5. hæð Hörpu. Miðaverð er 2.500 krónur og 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara.

**NÝ SENDING
& ENN MEIRI ÚTSALA**



Tískan

Skipholti 21 | Sími 551 0770

www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara **BRAX**


DAGSKRÁ

Miðvikudagur

LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins og á slóðinni www.frettabladid.is/frettaskot.



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

RÚV SJÓNVARP

12.40 Sumarið
13.00 Útsvar 2015-2016 Snæfellsbær - Rangárþing ytra
14.10 MósaiK 1998-1999
14.50 Með okkar augum Fimmta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar mál-efni liðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elin Sveinsdóttir. e.
15.20 Nýja afríska eldhúsið - Mártíus Dönsk heimildarþáttaröð um afríska matarmenningu og nýja kynslóð afrískra matreiðslumanna sem nýta sér hráefni og matarhefðir heimamanna við þróun á nýrri stefnu í matargerðarlist. Sagnfræðingurinn Asmus Gamdrup Jensen fjallar um eitt land í hverjum þætti og hittir kokka sem eru með stærstu áhrifavöldum í afrískri matargerð í dag. e.
15.50 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989
17.00 Tiundi áratugurinn
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Timon & Pumba
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Liló og Stitch
18.50 Landakort - Fuglar Í Fuglasafni Sigurgeirs í Mývatnssveit eru 330 uppstoppaðir fugla og um 500 egg. Í sýningarsalnum eru 280 fuglar og 300 egg til sýnis. Safnið á alla íslenska varpflugla nema tvo - þórshana og haförn. Náttúrufræðistofnun Íslands lánaði safninu haförn sem þar er til sýnis.
18.54 Vikinglöttó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarið
20.00 Leyndarmál gígsins. Endalok risaeðlanna Heimildarmynd frá BBC sem varpar nýju ljósi á atburðarásina eftir að loftsteinn féll til jarðar fyrir 66 milljónum ára og þurrkaði út risaeðlurnar sem þá lifðu á jörðinni.
21.05 Leyndarmál tiskuhússins
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hitlersleikarnir, Berlín 1936 Heimildarmynd um Ólympíuleikana í Berlín sumarið 1936. Leikarnir voru skipulagðir af nasistum með það fyrir sjónum að sanna ágæti Þýskalands fyrir heimsbyggðinni. Eftir miklar viðræður ákváðu stærstu lýðveldi heims að taka þátt í leikunum og í fimmtán daga vék ofbeldi og hatur fyrir fagnaðarlátum og samheldni. Leikstjórn: Jérôme Prieur.
23.15 Haltu mér, slepptu mér
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 Scottish Open Útsending frá Scottish Open á Evrópumótariðinni.
12.00 Scottish Open
15.10 Marathon Classic Útsending frá Marathon Classic á LPGA-mótaröðinni.
17.10 Marathon Classic
19.10 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
20.00 Dow Great Lakes Bay Invitational Bein útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational á LPGA-mótaröðinni.
22.00 Champions Tour Highlights
22.55 Golfing World
23.45 Dow Great Lakes Bay Invitational

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 LA to Vegas
13.30 Black-ish
13.50 Fam
14.15 The Orville
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 American Housewife
20.10 Charmed
21.00 Girlfriend's Guide to Divorce
21.50 Bull
22.35 Queen of the South
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 Proven Innocent
03.05 Get Shorty (4.10)
04.05 Still Star-Crossed

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Bærinn minn og þinn
15.00 Fréttir
15.03 Samtal um heilbrigðisþjónustu
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Útvarp KrakkaRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsgagan. Ósjálfrátt
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 Draugabanarnir II
13.10 Apple of My Eye
14.35 Ocean's Twelve
16.40 Draugabanarnir II
18.30 Apple of My Eye
19.55 Ocean's Twelve
22.00 American Made
23.55 The Hitman's Bodyguard
01.55 Table 19
03.25 American Made

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 The Middle
07.45 Grey's Anatomy
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Mom
10.00 Fresh Off the Boat
10.20 The Last Man on Earth
10.45 Arrested Development
11.10 Asiski draumurinn
11.45 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef USA
13.40 Lóa Pind. Snapparar
14.15 Á uppleið
14.40 God Friended Me
15.25 Major Crimes
16.05 Lose Weight for Good
16.35 Stelpurnar Frábærir sketsaþættir þar sem stelpurnar fara á kostum með óborganlegum leik og geggjuðu gríni.
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.45 Sportpakinn
18.55 Vikingalöttó
19.00 Veður
19.05 Modern Family
19.30 First Dates
20.20 Shriill
20.45 The Bold Type
21.30 Divorce
22.00 The Red Line
22.45 You're the Worst
23.10 L.A.'S Finest
23.55 Animal Kingdom
00.45 Euphoria
01.40 True Detective
02.45 True Detective
03.45 True Detective
04.45 Major Crimes

STÖÐ 3

19.10 Kevin Can Wait
19.35 Bob's Burgers
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Two and a Half Men
21.15 The Last Ship
22.00 Westworld
23.10 iZombie
23.55 Grimm
00.40 Kevin Can Wait
01.05 Seinfeld
01.30 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.30 Fjöltnir - Fram Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
09.10 Roma - Guadalajara Útsending frá leik í International Champions Cup.
10.50 Haukar - Grindavík Útsending frá leik í Inkasso deild kvenna.
12.30 Fjöltnir - Fram
14.10 Roma - Guadalajara
15.50 Valur - Maribor
17.35 GYM
18.05 Maribor - Valur Bein útsending frá seinni leik í Undankeppni Meistaradeildarinnar.
20.15 Pepsi Max Mörk kvenna Leikirnir í Pepsi Max deild kvenna gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
21.15 3. liðið
21.45 The Open - Spieth
22.15 UFC 239. Jones vs Santos
00.50 UFC Connected
01.15 Roma - Guadalajara
02.55 Arsenal - Bayern München Bein útsending frá leik í International Champions Cup.

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



TENDENS CHARCOAL



NORDIC SPIRIT NATURAL OAK/FOCUS



SHAKER WHITE



TENDENS BLACK OAK VENEER


NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.

ORMSSON
Lágmúla 8 • sími 530 2800

*HTH á Íslandi í 40 ár,
og þar af í 20 ár hjá Ormsson
- endurspeglar traust
Íslendinga til merkisins*

HTH
INNRETTINGAR



HTH_INNRETTINGAR

Ég var bara að klára að taka allt til. Ég tók til geisladiskana mína, húfur og bolla. Nefndu það bara, ég á alveg alls konar," segir Atli glaður í bragði.

Hann var meira en lítið til í að ræða aðdáun sína á hljómsveitinni, en hann hefur verið dyggur aðdáandi hennar í nokkra áratugi. Atli segir að á sínum tíma hafi minningartónleikarnir um Freddie Mercury gert útslagið og hann hafi verið eldheitur aðdáandi Queen allan götun síðan.

Spenntur fyrir We Will Rock You
Þegar það var tilkynnt á sínum tíma að söngleikurinn We Will Rock You yrði settur á fjalir Háskólabíós nú síðar í sumar, var aðstandendum sýningarinnar ljóst að Atli væri vafalaust einn helsti aðdáandi sveitarinnar á landinu í dag.

„Ég varð bara svo spenntur og sýndi komu sýningarinnar mikinn áhuga á Facebook. Sjálfur hafði ég einmitt hugsað í mörg ár hvenær það stæði eiginlega til að setja We Will Rock You upp á klakanum. Söngleikurinn hefur verið sýndur úti um allan heim.“

Atli hefur séð uppsetningu We Will Rock You í Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð.

„Í Svíþjóð var búið að þýða sum lög. Ég sá upptökur frá æfingum hérna heima og heyrðist eitt lag í það minnsta vera sungið á íslensku, sem ég er alveg ótrúlega spenntur að sjá hvernig kemur út.“

Á miða á tvær sýningar

Atli er nú þegar búinn að panta miða á tvær sýningar á íslensku uppsetningunni.

„Ég keypti auðvitað miða á frumsýninguna. Svo fer ég með foreldrum mínum á sýningu númer tvö, þau ákváðu að bjóða mér með á hana.“

Minningartónleikar voru haldnir um Freddie Mercury þann 20. apríl




Atli hefur verið aðdáandi sveitarinnar í nokkra áratugi og sá hana spila í Wembley Arena 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Atli Þór er einn dyggasti aðdáandi Queen á Íslandi

Atli Þór Matthíasson hefur haldið upp á hljómsveitina Queen í áratugi og er einn dyggasti aðdáandi hennar hérlendis. Hann á ýmsa muni tengda sveitinni og hitti eitt sinn Brian May fyrir tilviljun.



Hér heldur Atli á eiginhandaárituninni sem hann fékk frá Brian May. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Miði Atla á tónleika Queen og Adams Lambert á Wembley Arena 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Atla Þór finnst mest gaman að safna vínýlplötum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÉG SPYR NÆSTU MANNESKJU HVAD SÉ EIGINLEGA Í GANGI OG ÞÁ KOM Í LJÓS AÐ VON VAR Á BRIAN MAY AÐ ÁRITA KLUKKAN SEX.

árið 1992, um hálfu ári eftir að söngvarinn lést. Það var ákveðinn vendipunktur fyrir Atla þegar hann sá og heyrði upptökur frá tónleikunum.

„Ég man að ég hugsaði hvað þetta væri ótrúlega flott tónlist. Ég mundi samt alveg eftir að hafa séð The Miracle í Skonrokki í gamla daga og heyrð I Want to Break Free í útvarpinu þegar ég var barn. Svo man ég líka óljóst eftir að hafa séð Live Aid á sínum tíma, en á þeim tónleikum stal Queen hreinlega senunni,“ segir Atli.

Hitti Brian May fyrir tilviljun

Það er gífurlega skemmtileg saga bak við það þegar Atli hitti gítarleikara sveitarinnar, Brian May.

„Ég var á röltinu í London því ég hafði misst af rútufurð. Þetta var á þeim tíma sem internetsamband í síma erlendis var lélegra og það varð til þess að ég missti af rútunni. Ég hafði stefnt á að fara í túristaferð um London þar sem heimili rokkstjarnanna voru skoðuð.“

Atli fann ekki rútuna og var frekar svekkur yfir því. Það reyndist honum þó til mikils happs.

„Allt í einu labba ég, enn frekar svekkur, upp að einhverri langri biðröð fólks í Queen-bolum. Ég spyr næstu manneskju hvað sé eiginlega í gangi og þá kom í ljós að von var á Brian May að árita klukkan sex. Ég varð bara eins og Wayne's World gaurarnir, svo spenntur varð ég. Mér fannst flott að hann mætti hálf-tíma fyrir því hann vildi ekki valda neinum vonbrigðum.“

Atli segist hafa verið svo spenntur að hitta átrúnaðargodið að hann hafi hreinlega þurft að æfa sig og undirbúa.

„Ég hef sjaldan verið jafn stressaður. Maður var auðvitað ekki að búast við þessu. Þetta var svo mikil tilviljun og heppni. Hefði ég ekki labbað nákvæmlega niður þessa götu í London á þessum tíma, þá hefði þetta aldrei gerst og ég ekki fengið mynd með honum og eiginhandaráritun.“

Vil Queen og Adam til Íslands

Atli hefur einnig hitt son trommara Queen, Rufus Taylor, sem er trommari eins og pabbi hans og spilar með hljómsveitinni The Darkness.

„Ég hitti hann í Danmörku 2015. Þar stóð fólk til boða að hitta meðlimi The Darkness, ég fór snemma í biðröðina inn á tónleikasvæðið,“ segi Atli.

Rufus hefur spilað með Queen + Adam Lambert, áður en hann gekk til liðs við The Darkness.

„Ég hef líka séð Queen spila með Adam Lambert á tónleikum. Það var algjör upplifun. Adam Lambert var góður, hann nær áhorfendum á sitt band. Hann er líka mjög góður söngvari. Það eru líka upptökur af Freddy spilaðar á tónleikunum, þá sturlast áhorfendur af gleði.“

Atli skorar á tónleikahaldara að flytja þá til Íslands.

„Það eru svo margir aðdáendur hérlendis að ég er alveg viss um að það myndi seljast upp, alveg handviss,“ segir Atli Þór.

steingerdur@frettabladid.is

Langra viðtal við Atla verður hægt að nálgast á frettabladid.is í dag.

Eucerin®



ÓMEÐHÖNDLAÐ

VIKA 2

VIKA 4

VIKA 8

NÝTT
EINKALEYFIS
VERNDLAÐ
VIRKT EFNI,
THIAMIDOL



LITABLETTIR? SJÁANLEG MINNKUN OG VARANLEGUR* ÁRANGUR

SJÁANLEGUR ÁRANGUR EFTIR 2 VIKUR

* með reglulegri notkun

**LOGGILTUR
RAFVERKTAKI**

Alhliða
rafverktakar

þjónusta við
fyrirtæki og heimili

RAFLÍNA

Sími 617 1111 - raflina@raflina.is

**GEFÐU
HÆNU**

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

**Freistandi
útsölutilboð**



www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

**Sumar
útsala**

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

Afgreiðslutími Rvk
Mánud. til föstud. kl. 11.00-18.30
Laugard. kl. 11.00-17.00
Sunnud. kl. 13.00-17.00 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast



Ída var kampakát í gær og tók á móti gestum sem glöddust með henni yfir áfanganum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ída sneri aftur á Hressó sjötíu árum síðar

Ída Jónasdóttir er stödd hér á landi til að taka við íslensku vegabréfi og fá nýja kennitölu. Hún hélt upp á áfangann á Hressingarskálunum í gær.

Hin 93 ára gamla Ída Herman Jónasdóttir skemmti sér konunglega í dag þegar hún fagnaði nýlega endurheimtum íslenskum ríkisborgararétti á Hressó í miðbæ Reykjavíkur. Bládamaður Fréttablaðið.is var á staðnum og náði af henni tali en dagurinn var sérlega gleðilegur fyrir Ídu þar sem hún fékk íslenska vegabréfið sitt og kennitölu í dag.

Eins og Fréttablaðið.is greindi frá hlaut Ída nýverið hérlendan ríkisborgararétt sinn að nýju en Ída flutti ung að aldri til Bandaríkjanna. Hún ólst upp í Reykjavík og á Vopnafirði en flutti út eftir að hafa trúlofast bandaríska hermanninum Delbert Herman eftir að hafa þekkt hann í 48 klukkustundir. Herman er nú látinn en þau voru gift í sjötíu ár.

„Minningarnar hellast yfir mig við að vera hér en hlutirnir hafa auðvitað breyst svo mikið í Reykjavík,“ segir Ída létt í bragði í samtali við Fréttablaðið.is í dag. Hún segist hafa valið Hressingarskálann undir teitið vegna þess að þar vann hún eitt sinn. „Ég var að vinna hér þegar ég var átján ára gömul og ég mundi bara nafnið, Hressingarskálinn,“ segir Ída. „Það var í seinni heimsstyrjöldinni,“ bætir hún við og hlær.

**MINNINGARNAR
HELLAST YFIR
MIG VIÐ AÐ VERA HÉR EN
HLUTIRNIR HAFU AUÐVITAÐ
BREYST SVO MIKIÐ Í REYKJA-
VÍK.**



Hún var einkar glöð að hitta sjálfan Guðna forseta Íslands nú á dögunum. MYND/SKJÁSKOT

Að þessu sinni ætlar Ída einungis að dvelja í Reykjavík í stað þess að ferðast um landið en hún er hér ásamt yngstu dóttur sinni, Heiði Herman-Kerr, en þær komu hingað saman á síðasta ári. Þá hafði Ída ekki komið til Íslands um árabíl. „Ég ætla að kanna gömlu kunnuglegu staðina. Ég þarf til dæmis alltaf að kíkja á dómkirkjuna, þar sem við eiginnamaður minn giftum okkur,“ segir Ída.

**ÉG VAR AÐ
VINNA HÉR
ÞEGAR ÉG VAR ÁTJÁN ÁRA
GÖMUL OG ÉG MUNDI BARA
NAFNID, HRESSINGARSKÁLINN.**

„Ég er að upplifa mikla nostalgíu í þessari ferð,“ segir Ída og hlær. „Ég fékk svo staðfestinguna í dag, kennitölu og vegabréfið,“ segir Ída. „Jess, ég er komin með númer! Loksins!“ Hún mun svo halda af landi brott á fimmtudaginn en gerir ráð fyrir því að koma aftur í heim sókn á næsta ári í tilefni af 95 ára afmæli sínu.

steingerdur@frettabladid.is
odduaevar@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FOLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FOLK OG SERBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is



SUMARPEPP OG SVEPP

35%
AFSLÁTTUR



SUMARTILBOÐ
STÓR AMERIKANA PÖNNUPIZZA
1990

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF
FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Ósýnilega ógnin

Íslensk stjórnvöld eiga hrós skilið fyrir ályktun sína um Filippseyjar. Alþjóðasamfélagið getur ekki látið viðgangast að fólk sé myrt án dóms og laga vegna ætlaðra afbrota. Hversu margir af þeim sem hafa verið myrtir voru alls ekki sekir um afbrot? Hversu margir af þeim voru sjálfir fíklar sem voru neyddir út í afbrot vegna fíknar sinnar? Við vitum ekki svörin við þessum spurningum af því að það er ekki farið að reglum réttarríkisins.

Það sem þarf til að stjórnvöld á Filippseyjum komist upp með þetta er að alþjóðasamfélagið láti þetta átölulaust og að þau njóti áfram lýðhylli heima fyrir. Margir íbúar á Filippseyjum eru kattsáttir og upplifa sig öruggari fyrir vikið. Í þeirri afstöðu felst mikil skammsýni. Í fyrsta lagi er það stríðið gegn fíkniefnum sem býr til fíkniefnabaróna, en steypir þeim ekki af stóli. Ef það væri litið á fíkn sem heilbrigðisvandamál, en ekki löggæsluvandamál (eða vígasveitavandamál í þessu tilfelli) þá væri rekstrargrundvöllur glæpagengjanna brostinn.

Í öðru lagi þá vofir önnur og ósýnilegri ógn yfir íbúum Filippseyja ef reglur réttarríkisins gilda ekki lengur. Hversu langt er að bíða þar til stríðið gegn fíkniefnum verður útfært á önnur svið og þeir verða sjálfir ekki stjórnvöldum eða lýðnum þóknanlegir. Það mætti umorða hin fleygu orð Martins Niemöllers á þessa leið: Fyrst komu þeir og tóku fíkniefnasalann, en ég sagði ekkert því ég var ekki fíkniefnasali, og svo framvegis. Að lokum komu þeir og tóku mig og það var enginn eftir til að tala fyrir mína hönd.

Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN

Verð áður: 1.990
990
KR/KG
GOTTERÍ

Kvikk
ON THE GO

4G MiFi
þráðlaus hneti
með samningi
4.990 kr.
~~15.990 kr.~~

Springum út

í fríinu á farsímaneti Símans

Komdu upp þráðlausu neti í bústaðnum, í tjaldinu eða hvar sem er. Tífaldaðu gígabæt fjölskyldunnar með Heimilispakkanum, fáðu gagnakort fyrir snjalltækin og deildu gleðinni með 4G hnetu.

Þú getur meira með Símanum

vefverslun.siminn.is